DV
28. ágúst 2020 | 34. tbl. | 111. árg | Verð 995 kr.

6
Alvarlegar ásakanir á Skjóli

20
Undarlegustu sakamál Íslands

Læknirinn með stóra hjartað

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir þykir ná til skjólstæðinga sinna á einstakan hátt. Hann segir að ef kvensjúkdómalæknir er ekki sjálfur opinn væri hann kannski betri sem bifvélavirki. – sjá síðu 10

UPPÁHALDS

UPPÁHALDS-BÆKURNAR

Listakonan **Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir** deilir hér sínum uppáhalds fjölskyldubókum. Sólrún myndskreytti nýútkomna barnabók, Hvíti björninn og litli maurinn, svo bækur eru henni afar hugleiknar sem stendur.

❶ Sagan af undurfögru prinsessunni og hugrakka prinsinum hennar eftir Margréti Tryggvadóttur og Halldór Baldursson: Þetta er bráðfyndin saga af klassísku ævintýri, en brýtur allar reglur og staðalímyndir. Samspil textans og myndanna segir ótal sögur í senn sem mér finnst sérlega skemmtilegt.



❷ Halastjarnan eftir Tove Jansson: Halastjarnan er falleg, einstök og spennandi saga um Múmínálfana þegar þeir verða vitni að halastjörnu sem heimsækir jörðina. Tove færir lesendum alveg nýja veröld með myndskreytingum sínum og skáldskap.

❸ Grannmeti og átvextir eftir Þórarin Eldjárn: er meiriháttar ljóðabók, stútfull af húmor og fróðlegri alvöru. Hún getur alltaf komið mér í gott skap, ímyndunaraflið skáldsins virðist engum takmörkunum háð!

❹ Ottólína og gula kisan eftir Chris Riddell: Þessi æsispennandi ráðgátubók er uppfull af dulúð og gríni, svo ekki sé nú minnst á gullfallegar teikningar höfundarins, sem eru ævintýralega fallegar.

❺ Hvíti björninn og litli maurinn eftir José Federico Barcelona: Ég var svo heppin að fá sjálf að myndskreyta þessa fallegu sögu sem höfundurinn hefur sagt á leikskólanum sínum í 40 ár. Bókin fjallar um risastóran björn og pínulítinn maur sem kynnast á óvæntan hátt.

Af leiðindalufsum

Það verður að skrifast enn einu sinni. Þetta eru undarlegir tímar. Ég hitti vinkonur mínar tvær á veitingahúsi, nýkomin úr sóttkví og hafði djúpstæða þörf fyrir mat sem einhver annar eldar og samtal við manneskju af holdi og blóði sem er ekki með sama lögheimili og ég sjálf.

Úr varð að við myndum hittast á veitingahúsi, huga að sóttvörnum og ekkert rugl.

Ég fór í kjól, blés hárið og valhoppaði á stefnumót mitt við hlátrasköll og frelsi. Ég verð að viðurkenna að það að umgangast góðar konur er vissulega sáluhjálp og ekki hata ég ítalskan mat og kannski eins og eitt gott rósavínsglas en ég fór fljótlega að efast um ákvörðun mína.

Ekki af því að sóttvörnum var ekki sinnt heldur vegna þess að ég var sífellt að hugsa um hvort þetta væri óábyrgt af mér. Hvort ég ætti ekki bara að vera heima?

Hringja kannski í einhvern eða spjalla út um glugga? Kannski gæti ég hitt einhvern úti í búð sem ég þekki ef ég hangi þar nógu lengi. Það er jú „nauðsynjarferð“. Ég er í alvörunni búin með rjómaostinn.

Í því sem ég pikkaði í bústinn og fallegan mozzarellaost á disknum mínum rann tvennt upp fyrir mér.

Lífið er breytt til frambúðar. Einhverjir spámenn og -konur hafa fleygt því fram að við verðum að venja okkur við núverandi takmarkanir. Þær muni vera í einhverri mynd næstu 18–24 mánuði. Bundnar í teygju sem slakað er á inn á milli og strekkt á þegar harðnar í ári.

Komandi kynslóðir munu ef til vill tortryggja handabönd og hnerra í olnbogann um ókomna tíð sem er kannski bara ágætt.

Handabandsins sakna ég reyndar mikið en fruss og hor getur haldið sig í olnbogum heimsins um aldir alda.

Handabönd segja nefnilega svo margt um fólk. Ég þoli til dæmis alls ekki „lufsuna“.

Það er þegar einhver rétt svo réttir fram höndina og lætur hana dangla eins og dauðan fisk sem þú átt á einhvern undarlegan hátt að hrista til áður en höndin er látin leka jafn letilega í burtu eins og hún kom. Eins og uppþornaður snigill.

Slík lufsubönd eru ekki líkleg til að marka upphaf á góðu samtali.

Annað er upp á teningnum ef um þétt handtak í hæfilegan tíma með samsvarandi augnsambandi er í boði. Já, gott fólk, þá er bingó í sal. Augnsambandið er nefnilega svo fínn mælikvarði. Ef það er orðið óþægilegt að horfast í augu, af hverju ættir þú þá enn að halda í viðkomandi? Það er siðlaust.

Þetta eru 2–8 sek. max eftir eðli sambandsins og hversu náið fólk er.

Svo er það hitt. Fólk sem heldur of fast eða of lengi eða bæði. Með sveitta lófa, vill meira frá þér en þú vilt gefa. Reynir að spjalla þó þið hafið ekkert um að tala. Samtalið gefur þér ekkert – tekur bara tíma sem kemur aldrei aftur. Þig langar burt en sveitta höndin vill vera.

Óþolandi.

Börn skilja ekki svona handspeki. Þau eru undanskilin reglunni og unglingar upp að 12 ára.

Já og svo var það hitt – vínið í glasinu var búið. ■

Þegjandi og hljóðalaust

SVART HÖFÐI

Það hefur vakið athygli Svarthöfða, dramað sem nú á sér stað innan lögreglunnar á Suðurnesjum. Þá einkum viðbrögð þess aðila sem á að heita höfuð stofnunarinnar, Áslaugar Örnu Sigurbjörnsdóttur.

Fyrst þegar greint var frá málinu vildi hún ekki tjá sig nema að því leyti að unnið væri í málunum. Síðan fékk höfuð lögreglustjóra að fjúka. En nú þegar oft hefur verið greint frá sjúklega alvarlegum málum, spillingu í starfsmannavali, ógnarstjórn, flokkadrætti og alls konar sem hljómar eins og léleg spænsk sápuópera, þá vill Áslaug enn ekki tjá sig.

Er þetta ekki hálfslöpp afstaða? Áslaug er kannski of upptekin á rúntinum í þyrlu Landhelgisgæslunnar til að ná að kynna sér málin nægilega vel. Eða kannski er hún hrædd við að fá núna skellinn eftir að hafa valið inn ríkislögreglustjóra sem er álíka umdeild og sá aðili sem hún tók við starfinu af. Sigríður Björk ríkislögreglustjóri hefur verið fundin sek um brot á persónuverndarlögum og bakað ríkinu ítrekað bótaskyldu.

Yfirlögfræðingurinn hjá lögreglunni á Suðurnesjum, Alda Hrönn, vann lengi náið með Sigríði og ekki er hægt að segja að það hafi verið lognmolla í kringum þær. Til dæmis lekamálið, Löke-málið, mál lögreglumanns sem ranglega var sakaður um spillingu. Svona mætti líklega áfram telja ef vel væri rýnt í málin.

Svarthöfði minnist þess að hafa heyrt um illdeilur innan Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á þeim tíma. Þar skiptust menn í flokka og virtist það dauðasynd ef einhver var ósammála Sigríði.

Nú hefur Alda að því er virðist tekið við keflinu og eru núna illdeilur hjá lögreglunni á Suðurnesjum þar sem menn skiptast í flokka og þora ekki að pissa án leyfis frá Öldu. Ekki var Ólafur Helgi, fráfarandi lögreglustjóri óumdeildur. Líkt og Haraldur, forveri Sigríðar, var ekki óumdeildur. En er í alvörunni ekki hægt að finna bara einhverja hæfa einstaklinga sem hafa ekki sögulega gert allt brjálað?

Ef það er ein stofnun á landinu sem Svarthöfði vill geta treyst þá er það lögreglan. Hvernig í fjandanum á nokkur lögreglumaður að hafa tíma til að sinna starfinu sínu ef það eru alltaf eldar að slökkva inni á vinnustaðnum sjálfum?

Var það líka ekki bara fyrir skömmu sem einhver Evrópustofnun, sem reynir að fyrirbyggja spillingu, gagnrýndi lögregluna á Íslandi harðlega? Svarthöfða minnir það og að þá hafi sérstaklega verið vísað til þess að ráðningarmál væru þar í ólestri. Eitthvað reyndi ráðuneytið að bregðast við og beindi því til lögregluembættanna að auglýsa meira störfin og hætta að handvelja í stöður. En það virðist litlu hafa breytt. Það virðist meira bara svona táknrænn gerningur til að líta vel út á blaði.

Við sem almenningur eigum kröfu á lögreglu sem lítur bæði vel út á blaði og í framkvæmd. Það er lágmarkskrafa að þeir sem framfylgja lögunum í landinu kunni að fara eftir þeim sjálfir. ■

DV

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir
RITSTJÓRI: Þorbjörg Marinósdóttir, tobba@dv.is **FRÉTTASTJÓRI:** Erla Hlynsdóttir, erlahlyns@dv.is **AUGLÝSINGAUMSJÓN:** Ruth Bergsdóttir, ruth@dv.is
PRENTUN: Torg prentfélag **DREIFING:** Póstdreifing | DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis. **DV, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík Sími: 550 7000.**

Aðalnúmer: 550 5060
Auglýsingar: 550 5070
Ritstjórn: 550 5070

FRÉTTASKOT
550 5070
abending@dv.is

HAGBLIKK

Álþakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Þakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

MEST LESIÐ Á DV Í VIKUNNI

1 Myndir af Ásdísi Rán vekja undrun – „IceQueen þyngist um 100 kíló“ *Fyrirsætan Ásdís Rán Gunnarsdóttir varð fyrir photoshop-svikum í Búlgaríu.*

2 Knattspyrnumaður baðst afsökunar á konunni sinni í brúðkaupinu – „Ég er orðlaus“ *Oleksandr Zinchenko, leikmaður Manchester City, þurfti að biðjast opinberlega afsökunar á ummælum sem konan hans lét falla um þjálfara hans.*

3 Fjaðrafok eftir að Melania Trump tók Rósagarð Hvíta hússins í gegn *Forsetafrú Bandaríkjanna sá um yfirhalningu á frægum garði við Hvíta húsið og hefur fengið misjafnar viðtökur.*

4 Bubbi búinn að fá nóg – „Við erum öll í þessum pakka. Þetta er ekki bara ferðaiðnaðurinn“ *Bubbi Morthens bendir á að það er ekki einungis ferðaþjónustan sem er að fara illa út úr kórónaveirufaraldrinum.*

5 Uppnám á starfsstöð Lögreglustjórans á Suðurnesjum – Vísa á Ólafi frá staðnum með valdi *Ólafur Helgi Kjartansson, fráfarandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, reyndi að fá aðgang að mannauðsgögnum embættisins eftir að hafa verið neitað um þau.*

6 Sjáðu myndbandið: Gylfi vekur athygli – „Þegiðu aumingi“ *Tilþrif Gylfa Þórs Sigurðssonar, knattspyrnumanns hjá Everton, vöktu misjöfn viðbrögð á Twitter.*

7 Sjáðu myndbandið: Kærasta knattspyrnustjörnu vekur athygli milljóna *Yfir fjórar milljónir manna hafa horft á myndskeið sem Giorgina Rodriguez, kærasta knattspyrnustjörnunnar Cristiano Ronaldo, deildi á Instagram.*

8 Samband sem byggist á aðdáun – Lykillinn er hreinskilni *DV lék forvitni á að vita hvernig þau Baltasar Kormákur og Sunneva Ása Weisshappel eiga saman ef litið er til stjörnumerkjanna.*

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...

Líkfundur í Breiðholti

Hinn 21. ágúst síðastliðinn var tilkynnt um líkfund í Breiðholti. Líkið reyndist vera af eldri manni og fannst í skóginum við Hólahverfi. Talið er að líkið hafi legið þar um nokkurra mánaða skeið en ekki hafði verið lýst eftir manninum. Ekki er talið að maðurinn hafi látið lífið með saknæmum hætti.

Þyrla sótti dómsmálaráðherra

Það var harðlega gagnrýnt fyrr í vikunni þegar Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra var sótt af þyrlu Landhelgisgæslunnar úr hestaferð á Suðurlandi svo hún gæti setið samráðsfund um kórónaveirufaraldurinn í Reykjavík. Þyrlan flutti hana síðan aftur til baka. Eftir ríkisstjórnarfund á þriðjudag viðurkenndi Áslaug Arna að það hefðu verið „mistök“ að þiggja boð Landhelgisgæslunnar.

Mótmælaalda í Wisconsin

Mótmælaalda braust út í borginni Kenosha í Wisconsin-ríki á sunnudagskvöld eftir að lögreglumaður skaut Jacob Blake, svartan og óvopnaðan mann, ítrekað í bakið. Nokkuð hefur verið um skemmdarverk og íkveikjur í mótmælunum og aðfaranótt miðvikudags var unglingspiltur handtekinn, grunaður um að hafa skotið tvo mótmælendur til bana.

Alvarleg líkamsárás í Vestmannaeyjum

Aðfaranótt þriðjudags varð maður á fertugsaldri fyrir alvarlegri líkamsárás í Vestmannaeyjum. Í tilkynningu frá lögreglu segir að ráðist hafi verið á hann með „einhvers konar áhaldi“ og hlaut hann alvarlega áverka. Fórnarlambið þekkti gerandann ekki. Málið er í rannsókn og gerandinn er enn ófundinn.

Sjötti sigur Bayern München

Bayern München sigraði PSG í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í vikunni en Kingsley Coman skoraði eina mark leiksins fyrir Bayern. Þessi titill kórónaði tímabil Bayern en liðið vann einnig þýsku deildina og þýska bikarinn. Þetta var í sjötta skipti sem Bayern vinnur Meistaradeildina en liðið vann hana síðast á tímabilinu 2012–2013.

Ríkisstjórnin send í skimun

Ákveðið var að ráðherrar ríkisstjórnarinnar myndu fara í tvöfalda skimun og viðhafa smitgát eftir að átta manns greindust með COVID-19 eftir dvöl á Hótel Rangá á Hellu. Ríkisstjórnin snæddi kvöldverð á hótelinu þriðjudaginn 18. ágúst og taldist því til ytri hrings mögulegs smithóps. Heilbrigðis- og félagsmálaráðherrar snæddu ekki á hótelinu þetta kvöld og þurftu því ekki að undirgangast ráðstafanirnar. Hótel Rangá er lokað tímabundið á meðan smitrakning og sótthreinsun fer fram.

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Nettar og nútímalegar

rafmagnsvespur sem henta öllum

enox
enjoy life

Verð aðeins

169.900 kr.

Enox V7 rafmagnsvespa

Vertu með í framtíðinni

Vandaðar umhverfisvænar rafmagnsvespur á einstöku verði.

Enox V7 rafmagnsvespurnar eru nú loks fáanlegar á Íslandi. Nett og nútímaleg hönnun vespunnar hefur vakið mikla athygli. Þær eru framleiddar í stærstu verksmiðju fyrir tvíhjóla farartæki í heimi. Þýskt-kínverskt samstarf tryggir hágæða framleiðslu og ótrúlega hagstætt verð. Umhverfisvænt farartæki, engin loftmengun og engin hávaðamengun. Einstaklega lipur og meðfærileg. Hámarkshraði er stilltur á 25 km/klst. og drægni á rafhlöðu er allt að 80 km. Viðhaldsfrír Lithium 48V24AH rafgeymir tryggir endingu í minnst 800 hleðslur. Tveggja ára framleiðsluábyrgð er á öllum Enox rafmagnsvespum.

Fáanlegar í verslunum Húsasmiðjunnar um land allt og á husa.is

ÁSTAND Á SKJÓLI

Hættulegt ástand hefur skapast á hjúkrunarheimilinu Skjóli vegna manneklu og reynsluleysis starfsfólks. Heimildarmenn DV lýsa ofbeldi, kynferðislegri áreitni og óboðlegum vinnuaðstæðum sem versnuðu til muna í COVID faraldrinum.

Heimir Hannesson
heimir@dv.is

Að sögn heimildarmanna DV hefur ástandið snarversnað á undanförnum tveimur árum. Þeir vilja ekki koma fram undir nafni af ótta við verða vikið úr starfi. „Áður var meiri röð og regla á hlutunum, við vorum með trúnaðarmann sem við gátum leitað til, það var haldið utan um starfsfólkið, passað að fólk væri að vinna sína vinnu, yfirmenn fylgdust með að hlutirnir gengu upp.“ Enn fremur segir heimildarmaðurinn að veikindi hafi verið afar fátíð áður fyrr. „Í dag heyrir til undantekninga ef einhver er ekki veikur á hverri vakt.“

Á Skjóli er svokallaður Vesturgangur eyrnamerktur heilabiluðum. Á þeim gangi eru níu einstaklingar og tveir starfsmenn. Af þeim eru fjölmargir sem ítrekað leggja hendur á starfsfólk, segir heimildarmaður DV. „Það eru óteljandi atvik um að starfsfólk fari heim marið og klórað eftir vakt.“ Starfsfólki er ekki veitt nein þjálfun um hvernig eigi að bregðast við slíku ofbeldi. Áður fyrr voru slík ofbeldisverk skráð í atvikaskrá Skjóls, en nú þykja árásir heimilismanna á starfsfólk orðið slíkt daglegt brauð að ekki þykir taka því að skrá þær. Starfsfólk fer því marið, klórað og meitt heim til sín eftir vakt. Dæmi um viðbrögð yfirmanna er hlátur og fliss, „æjj, hann er bara svona.“

„Við höfum þurft að læsa einstakling inni svo hann hlaupi ekki út og lemji starfsmenn eða annað heimilisfólk,“ sagði heimildarmaðurinn. „Stundum hefur þurft fjórar stelpur til að halda niðri einstaklingi á meðan hann er þrifinn að neðan og sett ný bleyja. Þegar einstaklingur er í mjög vondu skapi er bara sett ný bleyja og hlaupið út, án þess að einstaklingur sé þrifinn.“

Mannekla orðin hættuleg heimilisfólki

Mjög fáir karlmenn starfa á Skjóli og lítið er eftir af „reynsluboltum“ á erfiðustu deildunum. „Staðan er sérstaklega slæm á sumrin þegar allt reyndasta starfsfólkið fer í sumarfrí á sama tíma,“ segja viðmælendur DV. „Á Vesturgangi er ekki sérþjálfað fólk og gerist það ítrekað að tveir ómenntaðir umönnunaraðilar séu settir á vakt þar saman.“

Mönnun vakta á Skjóli hefur hrakað til muna á undanförnum árum. „Það þarf enga menntun til að byrja vinna hér,“ segir heimildarmaður DV og bendir á að líklega sé nóg að sækja um í dag til þess að fá vinnu. „Það er til dæmis algengt að fólk sé ráðið inn án þess að hafa líkamlega burði til þess að sinna starfinu. Við þurfum að geta hreyft sjúklinga og erum mikið á fótunum. Þó maður sé hér með líf einstaklings í höndunum virðist hver sem er fá vinnu.“

Ófaglært fólk látið búa um lík og áreitt kynferðislega

Starfsmannahaldi Skjóls lýsa heimildarmenn DV allir þrír sem „komplett kaos.“ Reyndir starfsmenn eru að hætta í hrönnum og nýtt og óhæft starfsfólk ráðið á móti. Enn fremur hefur verið slegið af starfskröfum. Áður fyrr var íslenskukunnátta skilyrði, nú er það ekki og margt starfsfólkið talar enga íslensku. Nýja starfsfólkið fær litla sem enga þjálfun. „Því er gefin mappa þar sem kemur fram hvar hlutir eru, bleyjur og lín, auk helstu starfsaðferða, en það er enginn undirbúinn undir það mannlega sem gerist á deildinni, til dæmis að eiga við ofbeldisfullt heilabilað fólk. Það krefst þjálfunar og hæfni að eiga við heilabilað fólk sem beitir ofbeldi. Þetta er fólk sem veit ekki hvað það gerði fyrir þrem sekúndum,“ segir viðmælandi.

Að sögn heimildarmannsins kemur það fyrir að ófaglært umönnunarfólk þurfi að búa um lík. Þá sé yfirleitt um að ræða heimilismenn sem umönnunarfólk hafi þekkt vel og sinnt í langan tíma. Undir þetta sé starfsfólk algjörlega óundirbúið og því standi engin aðstoð til boða. „Það er ekki boðið upp á sálfræðiaðstoð eða trúnaðarmann sem maður getur rætt við í tengslum við slíkt áfall.“ Enn fremur segir viðmælandinn að það eigi alls ekki að vera sett í þá aðstöðu til að byrja með. Verkefnið er mjög krefjandi andlega og líkamlega.

Skjól er fyrsta hjúkrunarheimilið í Reykjavík sem byggt er frá grunni með hjúkrunarrými eingöngu. Þar eru 106 legupláss í 99,7% nýtingu.

Padel er skemmtileg samblanda af tennis og skvassi

PADEL

Ný íþrótt á Íslandi

Fjórir spila saman. Frábær skemmtun fyrir pör og vinahópa. Námskeið og þjálfun í boði.

TENNISHÖLLIN
Kópavogi

TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Vanræksla á undirbúningi starfsmanna undir verkefnin á Skjóli lýkur ekki þar. Heimildarmaður segir að heimilismenn káfi reglulega á sér og öðru kvenkyns starfsfólki og að engin undirbúi starfsfólk undir þess konar áreiti. „Enginn lætur þig vita eða býr þig undir að það sé gripið í kynfæri þín eða rass og káfað á þér. Viðbrögð yfirmann eru „svona er hann bara," eins og það sé ekkert eðlilegra en að það sé káfað á þér í vinnunni. Það hafa allir lenti í því hér enda nánast daglegur viðburðir."

Lyfjagjafir í ólestri og alvarleg slys óútskýrð

Einn heimildarmaður DV segist hafa þá upplifun af starfseminni að fólkinu sé ekki veitt geðmat eða neinskonar lækning við sínum vandamálum. „Það er bara nóg af róandi. Fólkinu er ekkert sinnt af læknum. Hingað kemur læknir einu sinni í viku og þá er bara skellt í skammt af róandi."

Enn fremur segja allir þeir sem DV hefur rætt við, að oft komi fyrir að ómenntað starfsfólk í umönnun sé falið að gefa heimilismönnum lyf. Þetta stangist á við verklagsreglur Skjóls að sögn heimildarmanns. Um er að ræða sterk og lyfseðilsskyld róandi lyf. Að sögn viðmælandi á lyfjagjöf að vera sinnt af hjúkrunarfræðingi en aðeins einn hjúkrunarfræðingur sé á vakt og verkefnastaðan yfirleitt slík að ekki nokkur leið sé fyrir hjúkrunarfræðinginn að komast yfir það allt saman, að sögn heimildarmannsins.

Komið hefur fyrir að gefin hafa verið vitlaus lyf og að lyfjagjöf hafi gleymst. „Það hefur gerst frekar oft. Sem betur fer hefur ekkert alvarlegt gerst og sjúklingar aldrei liðið alvarlega fyrir það." Slík atvik eru staðfest í atvikaskrá Skjóls.

„Þetta starf krefst þolinmæði, og þolinmæðin er algjörlega þrotin hjá flestum," segir heimildarmaðurinn. Óþolinmæði starfsfólks sé fyrir löngu farin að bitna á heimilismönnum. Segist hún hafa orðið var við aukna hörku hjá sumum starfsmönnum. „Lamaðir einstaklingar eru rifnir á fætur. Tvisvar hefur það komið fyrir að kona hefur lærbrotnað og enginn veit hvað gerðist." Í annað skipti var um konu í hjólastól að ræða og því ljóst að um óútskýrðan atburð er að ræða. „Þetta var ekkert skoðað neitt betur," segir heimildarmaðurinn. Lögregla var ekki kölluð til.

> *„Það [er] svo mikið að gera í umönnun á morgnana að fólk [fær] stundum ekki hjálp til að komast fram úr fyrr en um kl. 11 og þá er maður búinn að vera ansi lengi í rúminu sem ekki er gott fyrir skrokkinn.*

Í skriflegu svari stjórnenda Skjóls varðandi lærbrot skjólstæðinga sinna segir: „Eins og annars staðar í samfélaginu geta slys orðið á hjúkrunarheimilum. Þau geta borið að með ýmsum hætti, en ástæða slysanna er ávallt greind. Fullyrðing um óþekkta ástæðu á því ekki við rök að styðjast." Starfsfólk Skjóls sem DV ræddi við hefur, sem fyrr segir, ekki fengið upplýsingar um ástæður þessa slysa.

Fundnir haldir en ekkert breytist

Heimildarmenn vanda yfirmönnum sínum ekki kveðjurnar. „Starfsfólki er aldrei hrósað eða hampað. Vinnuandinn sem eitt sinn var góður er núna kominn í algjört rugl. Hér hefur alvarlegt einelti verið liðið og aldrei gripið í taumana á neinu. Nú er svo komið að allir eru þreyttari, búnir á því og fólk er að sinna vinnunni sinni verr en áður og færri hendur vinna sömu verkefnin." Kvartað hefur verið til yfirstjórnar vegna ofbeldisins. Fundir hafa verið haldnir, en ekkert gerst. „Starfsfólk upplifir sig yfirgefið."

Heimildarmaðurinn segir yfirstjórnina hafa mestan áhuga á því að allt líti út fyrir að vera í lagi og segir yfirborðskennd viðbrögð yfirstjórnarinnar koma niður á gæðum þjónustunnar. „Þá sjaldan sem við hittum yfirmann, þá eru þeir komnir hingað til þess að öskra á okkur og skamma vegna þess að hlutirnir líta ekki út fyrir að vera í lagi, skiptir þá engu hvort við séum að sinna sjúklingunum betur. Hér á allt að líta út eins og það sé allt í himnalagi." Þetta „leikrit" yfirstjórnarinnar er sagt vera til þess að gefa aðstandendum sjúklinganna góða tilfinningu þegar þeir koma í heimsókn. Aðstandendum er jafnframt ekki sagt frá ofbeldinu sem þeir beita starfsfólk deildarinnar. „Þau [aðstandendurnir] gera sér engan veginn grein fyrir því hvað er í gangi, hversu mikið ofbeldi starfsfólkið er beitt. Svo ef við náum ekki að klára að sinna einstaklingi vegna ofbeldisins þá er það vanræksla af okkar hálfu. Fólk hér (aðstandendur) er í afneitun eða þau vilja ekki trúa manni."

Mannekla var mikil og versnaði svo

Mannekla hefur lengi verið vandamál hjá Skjóli. Þolmörkum hafi verið náð fyrir löngu síðan og staðan bara versnað eftir það. „Morgunvaktin er ein með um sex manns. Sú vakt klæðir heimilismenn í föt, burstar tennur fólksins, fer með það á klósettið og skiptir á bleyjum eftir þörfum. Ef það gerist að kona fer að gráta eða einhver þarfnast sérstakrar aðhlynningar þá þarf bara að skauta fram hjá þeim einstaklingi. Um leið og einstaklingur er kominn á fætur þarf bara að hlaupa í næsta einstakling."

Skjól langt undir viðmiðum Embættis landlæknis

Rekstur Skjóls er háður eftirliti Embættis landlæknis sem tekur starfsemina reglulega út. Síðasta stóra úttekt á starfsemi Skjóls er dagsett 2012, eða fyrir átta árum. Hlutaúttekt var gerð í fyrra. Þar kemur fram að „áhersla sé lögð á að skrá öll atvik." Samkvæmt skýrslunni eru í atvikaskrá 2018 13 „lyfjaatvik" og átta ofbeldisatvik.

Í kröfulýsingu velferðarráðuneytis fyrir hjúkrunarrými og dvalarrými er æskilegur fjöldi umönnunarstunda á hvern íbúa sagður vera 5,34 klukkustundir á sólarhring og lágmarksfjöldi 4,65. Samkvæmt hlutaúttekt Embættis landlæknis frá því í fyrra stendur fjöldi umönnunarstunda á hvern íbúa á Skjóli í 3,6. Það er aðeins 67% af því sem talið er æskilegt.

Sömu sögu er að segja af mönnunarstöðu Skjóls. Í kröfulýsingu velferðarráðuneytis er það sagt æskilegt að hlutfall hjúkrunarfræðinga af mannafla sé 27%. Á Skjóli er það aðeins 17%. Enn fremur er það sagt æskilegt að hlutfall faglærðra í umönnun sé 78% og lágmarkshlutfall 57%. Á Skjóli er það aðeins 41%.

Skýrsluhöfundar Embættis landlæknis 2019 tóku viðtöl við starfsfólk og virðast viðmælendur Embættis landlæknis að flestu leyti ánægðir með starf sitt og starfsumhverfi. Þó komu þar fram áhyggjur af undirmönnun og tungumálaerfiðleikum á vinnustaðnum. Í skýrslunni segir: „Almennt kom fram að starfsfólki fannst að þjónustunni við íbúa hefði hrakað síðustu árin vegna mönnunarvanda." Í viðtölum við íbúa sagði: „það [er] svo mikið að gera í umönnun á morgnana að fólk [fær] stundum ekki hjálp til að komast fram úr fyrr en um kl. 11 og þá er maður búinn að vera ansi lengi í rúminu sem ekki er gott fyrir skrokkinn."

Stjórnendur Skjóls vísa ásökunum á bug

DV leitaði svara hjá Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, forstjóra Skjóls, sem sagðist ekki geta svarað fyrir ásakanirnar og vísaði á Kristínu Högnadóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunarsviðs.

Í skriflegu svari Kristínar Högnadóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunarsviðs, segir að stjórnendum Skjóls komi væntanleg umfjöllun DV og ásakanir sem koma þar fram mjög á óvart. Landlæknisembættið hafi nýlega gert úttekt á starfseminni og komið með „fáeinar" athugasemdir sem nú er unnið úr. Þó mannekla sé til staðar, að sögn Kristínar, er það sökum almenns skorts á starfsfólki í umönnunarstétt á Íslandi en hefur aldrei leitt til hættulegra aðstæðna.

Kristín segir að nýliðum sé veitt „nýliðafræðsla" tvisvar á ári þar sem farið er yfir tækni við líkamsbeitingu við umönnun, og að á fræðslufundum sé farið yfir hvernig vinna skal með „órólega einstaklinga með hegðunarvanda." Kristín segir það ekki gerast að starfsmaður sé þvingaður til að búa um lík treysti viðkomandi sér ekki til þess og segir það á ábyrgð hjúkrunarfræðings. Það sama eigi við um lyfjagjöf. Hún sé á ábyrgð hjúkrunarfræðings á hverri deild fyrir sig. Kristín neitar því þó ekki að ómenntað umönnunarfólk sinni henni. „Varðandi áfallahjálp fyrir starfsmanninn, þá er hjúkrunarfræðingur alltaf til staðar á hverri vakt," sagði Kristín. Þess má geta að hjúkrunarfræðingurinn sem Kristín vísar til er jafnframt yfirmaður umönnunarstarfsfólks. Rauði krossinn og fleiri aðilar hafa ítrekað bent á að best sé að áfallahjálp sé veitt af fagfólki í því, en ekki af kollegum einstaklings sem lent hefur í áfalli eða yfirmönnum. Sambærilegt „kerfi" er til dæmis til staðar hjá slökkviliðinu þar sem slökkviliðsmenn veita sjálfum sér og vinum sínum áfallahjálp, og gagnrýndu slökkviliðsmenn það kerfi í viðtali við DV í kjölfar brunans á Bræðraborgarstíg. ■

REYKJAVIK
RAINCOATS

ÚTSALA
ÚTSALA
ÚTSALA

20-50%
AFSLÁTTUR
Í VERSLUN OKKAR

LAUGAVEGI
62

EKKI MISSA AF
FRÁBÆRUM TILBOÐUM

AÐEINS Í VERSLUN
LAUGAVEGI 62

REYKJAVIK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177

ÉG Á AUÐVELT MEÐ AÐ LESA FÓLK

Arnar Hauksson kvensjúkdómalæknir var brautryðjandi þegar kom að móttöku þolenda kynferðisofbeldis og lyfti grettistaki í málum trans fólks hér á landi. Arnari þykir vænt um þá viðurkenningu sem felst í að mæður vísi dætrum til hans.

Erla Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is

Arnar Hauksson er einn vinsælasti kvensjúkdómalæknir landsins. Almennt kvíða konur oft fyrir heimsóknum til kvensjúkdómalæknis þar sem þær afhjúpa sína leyndustu líkamshluta en Arnar leggur ekki síður áherslu á að sinna konum sálrænt.

„Ég á auðvelt með að lesa fólk. Það gerir að verkum að þegar ég hitti fólk veit ég oft hvað er að áður en það segir mér það. Ég get séð bak við tjöldin, ég veit ekki hvernig en þetta er líklega eitthvað sem lærist í þessu fagi," segir hann.

Mikla athygli vakti þegar Arnar lék í raun sjálfan sig í þáttunum Pabbahelgar á RÚV síðasta vetur þegar persóna Nönnu Kristínar Magnúsdóttur fór í skoðun hjá kvensjúkdómalækni. Í sumar bjó síðan ung kona til óformlega könnun í Facebook-hópnum Mæðra tips og trónaði Arnar á toppnum sem vinsælasti kvensjúkdómalæknir landsins. Þrátt fyrir að þetta hafi verið algjörlega óvísindaleg könnun hefur Arnar skorið sig úr meðal íslenskra kvensjúkdómalækna og þykir ná til skjólstæðinga sinna á einstakan hátt.

Þetta birtist ekki síst í því að þegar blaðamaður hafði mælt sér mót við Arnar, þar sem hann starfar á Læknastöðinni í Austurveri, rekumst við á samstarfskonu hans á ganginum sem byrjar að ausa hann lofi: „Þú ert nú alveg yndislegur, Arnar," segir samstarfskonan og Arnar er eitt spurningarmerki. Hún heldur áfram: „Átján ára dóttir mín var hjá þér í síðustu viku og hún var svo ánægð. Hún sagðist hafa lært svo mikið af því að hitta þig og þú hefðir verið með svo miklar praktískar upplýsingar fyrir fótboltastelpu eins og hana, varðandi blæðingar og pilluna og allt saman."

Þegar stúlkur og ungar konur koma í fyrsta skipti til Arnars kennir hann þeim allt um blæðingar, allt um kynsjúkdóma, allt um stráka og allt um að þora að segja nei. MYND/VALLI

Allt fullt af fílum

Arnar segist almennt forðast viðtöl og vilji frekar leyfa öðrum að skína. „Mér finnst gott að koma með hugmyndir og leyfa öðrum að vinna úr þeim. Ég er lítið fyrir að flagga sjálfum mér," segir hann. Enn er óljóst af hverju Arnar samþykkti einmitt þetta viðtal en það skal upplýst að blaðamaður hefur farið til Arnars sem skjólstæðingur. Þá var hann með aðstöðu í Kringlunni þar sem skrifstofan var yfirfull eftirmynda af fílum en öllu færri fílar eru á skrifstofunni í Austurveri.

„Stofan hér er minni og auðvitað þarf að dusta rykið af fílunum reglulega. Þetta byrjaði með því að ég hafði gert lítilli stúlku greiða. Hún hafði farið nokkrum sinnum inn á spítala og enginn vissi hvað amaði að henni. Mér tókst hins vegar að komast að því hvað var að og ráðlagði henni í framhaldinu. Um hálfu ári seinna hafði hún samband. Þá var hún í Portúgal og sagði við mig: „Þú bjargaðir lífi mínu! Mig langar að endurgjalda þér það." Ég sagði að hún væri auðvitað búin að endurgjalda mér þetta með því að borga fyrir viðtölin, en ef hún fyndi fílana sem Hannibal kom með yfir fjöllin þá mætti hún gefa mér einn," segir Arnar og vísar þar til hershöfðingjans frá Karþagó sem fór með baráttuglaða fíla yfir Alpana. „Hún þekkti ekki söguna en gaf mér lítinn keramikfíl sem stóð alltaf á borðinu mínu. Eftir það byrjuðu fílarnir að streyma inn þegar fólk vildi þakka mér fyrir eitthvað „extra". Ég á nú mjög mikið af fílum og er löngu hættur að þiggja þá."

Arnar lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands árið 1975. Hann stundaði framhaldsnám í kvensjúkdómum og fæðingahjálp, fyrst við Landspítalann en frá 1979 í Lundi í Svíþjóð þaðan sem hann útskrifaðist sem sérfræðingur árið 1983. Í doktorsritgerð sinni fjallaði Arnar um þrjár nýjungar í rannsóknum á tíðaverkjum. Hann hefur valist til fjölda trúnaðarstarfa, sat til að mynda í stjórn norrænna kvensjúkdómalækna í tvo áratugi og í forsætisnefnd heimsþings kvensjúkdómalækna.

Hann á fimm börn á aldrinum 33–50 ára, sjö barnabörn og eitt á leiðinni. „Þetta er ekki búið enn þá," segir hann.

> *Ég bauð þeim til að mynda að koma til mín með útigangskonur sem áttu engan pening.*

Stefndi á hagfræðinám

Því fer fjarri að Arnar hafi alltaf ætlað að verða kvensjúkdómalæknir. „Ég ætlaði alltaf að fara í hagfræði. Í stúdentsferðalaginu okkar í Verzlunarskóla Íslands á Spáni tóku tveir yndislegir kennarar okkur tali eitt kvöldið og spurðu hvað við ætluðum að læra. Þeir spurðu fyrst tvo af dúxunum okkar og þeir ætluðu báðir í læknisfræði. Kennararnir sögðu: „Það er flott. Þið eruð svo duglegir." Þegar þeir síðan spurðu mig kom smá stríðnispúki í mig og ég sagði: „Ég ætla líka í læknis-

fræði.“ Kennararnir svöruðu: „Þú getur það aldrei. Þú ert allt of mikið að skemmta þér.“ Og þarna lagði ég hagfræðina á hilluna og skellti mér í læknisfræðina. Ég á það til að taka áskorunum og reyna að sýna að ég geti staðið undir því sem fyrir mig er lagt. Ég sé ekki eftir þessari ákvörðun. Annars hefði ég eflaust bara setið í einhverjum fjármálagjörningum með ríkissaksóknara á bakinu,“ segir hann glettinn.

Arnar bendir á að lífið geti verið ansi tilviljanakennt og hann plani almennt ekki mikið fram í tímann. „Ég veit sirka hvað ég ætla að gera og les síðan vindáttina. Á tímabili ætlaði ég að læra heila- og taugaskurðlækningar, sem ég hafði mjög gaman af og fékk góðar einkunnir í. Ég lenti síðan á svo skemmtilegri klíník á kvennadeildinni. Mér fannst raunar skortur á kennslu hjá kvennadeildinni en kynntist svo Árna Ingólfssyni heitnum sem var að vinna á Akranesi. Hann hafði komið með ýmsar nýjungar með sér frá Svíþjóð, svo sem tæki til að hlusta á fósturhjartslátt í kviði þar sem áður voru bara notaðar hlustunarpípur, og svo kom hann líka heim með speglunartæki sem nýttust þannig að í staðinn fyrir að það þyrfti að skera upp konur var hægt að gera gat á kviðinn og kíkja inn. Ég fékk að gera með honum þvaglekaaðgerðir á konum og keisaraskurði. Þetta var mjög spennandi fyrir læknanema á þriðja ári og það varð ekki aftur snúið.“

Mikilvægt að klára trúnaðarsamtölin

Þegar hann var við nám í Lundi ílengdist hann við rannsóknarstörf og fékk mikinn áhuga á hormónafræðum, auk þess að starfa við krabbameinsrannsóknir.

Það er eiginlega vandræðalega klassískt að spyrja karlkyns kvensjúkdómalækni um hvernig það hafi verið að eiga náin samskipti við konur á þessum tíma. Arnar svarar því til að hann hafi verið í stóru viðtali við Jónínu Leósdóttur hjá Nýju lífi í kringum 1995 og vilji nú helst ekki endurtaka brandarann. Brandarinn var hins vegar á þá leið að Arnar sagði það lítið mál að borða Nóa konfekt allan vinnudaginn þegar hann ætti svo von á því að fá Anton Berg heima um kvöldið.

„Þetta er eins og þegar bifvélavirki vinnur við bíla allan daginn. Þegar hann kemur heim á kvöldin getur hann alveg farið í bíltúr með konunni,“ segir Arnar, sem eflaust hefur verið spurður að þessu aðeins of oft í gegnum tíðina.

„Ég lít á starfið þannig að maður er bara með einn skjólstæðing í einu og sinnir honum vel. Fyrir sumar er þetta pirrandi því það standast ekki alltaf tímapantanirnar. Það er enginn vandi að halda nákvæma tíma ef maður bara hendir fólki út þegar tíminn er búinn. Oft er það hins vegar þannig að í miðju viðtali opnar sjúklingur á erfið mál og ef þú lokar á það og heldur að þú getir opnað þau aftur seinna ertu að vaða í miklum misskilningi. Ef þú opnar á trúnaðarsamtal við skjólstæðing þá verður þú að klára það.“

Þegar Arnar kom aftur heim úr námi frá Svíþjóð fannst honum mikilvægt að gefa aftur til samfélagsins og hefur gert það á ýmsan hátt. MYND/VALLI

> *Ég segi þeim að varast ágengni, þora að hvessa brýrnar og segja: Viltu andskotast í burtu!*

Þriðja kynslóð kvenna meðal skjólstæðinga

Spurður hvað greini hann eiginlega frá öðrum kvensjúkdómalæknum, svona í ljósi vinsældanna, segir Arnar: „Við læknar lærum allt eins og kunnum jafn mikið. Auðvitað er mismunandi í hverju fólk sérhæfir sig. Ég tel að við sem einstaklingar skerum okkur ekki meira úr en þegar fólk bakar köku. Það hafa allir sömu uppskriftina en yfirleitt bragðast kakan best heima hjá mömmu. Ég tel að þetta snúist um hvernig við bökum kökuna.“

Þegar stúlkur og ungar konur koma í fyrsta skipti til Arnars fer hann vel yfir ákveðin grundvallaratriði. „Ég kenni þeim allt um blæðingar, allt um kynsjúkdóma, allt um stráka og allt um að þora að segja nei. Ég segi þeim að varast ágengni, þora að hvessa brýrnar og segja: Viltu andskotast í burtu! Eftir þessa fræðslu spyr ég hvort þær vilji skoðun. Það skiptir máli að sýna gagnkvæma virðingu og ef þú ætlar að fá upplýsingar í trúnaði þá þarf maður að vera opinn sjálfur. Ef kvensjúkdómalæknir er ekki opinn er kannski betra að hann sé bifvélavirki.“

Þrátt fyrir að Arnar vilji almennt ekki halda eigin merkjum á lofti þykir honum vitanlega vænt um hvers konar viðurkenningu eins og hverjum öðrum. „Ég hef í löngum bunum fengið mæður til mín með dætur sínar. Þá finnst mér ég hafa gert gagn. Hjá mjög bráðþroska mæðgum hef ég fengið inn þriðju kynslóðina en ég þyrfti líklega að starfa í tíu ár til viðbótar til að það yrði einhver hópur.“

Eftir nám í Svíþjóð kom Arnar aftur til Íslands og fannst hann verða að gefa aftur til samfélagsins. „Í Svíþjóð gat öryrki úti í bæ tekið leigubíl á sjúkrahús ef hann átti ekki bíl. Þetta var miklu betra kerfi en hér heima. Eftir að ég hafði fengið ókeypis menntun í læknisfræði heima og úti, og hlotið gott atlæti, jafnvel þó ég sjálfur kæmi úr tiltölulega fátæku umhverfi, þá skynjaði ég hvað samheldnin í samfélaginu skipti miklu máli. Mér fannst ég skulda samfélaginu og vildi gefa til baka. Ég sé ekki eftir því.“

Á stöðugri bakvakt í tvö ár

Hann var að vinna á kvennadeild Landspítalans upp úr 1980, áður en Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis varð að veruleika. „Ég tók þá eftir að þegar kynferðisafbrotamál komu upp þá kom lögreglan gjarnan með konur á kvennadeildina og þar sátu síðan kannski tveir lögreglumenn á ganginum með andlega þjakaða konu sem mátti bíða fyrir allra augum eftir því að aðstoðarlæknir eða sérfræðingur hefði tíma til að koma niður, og jafnvel þurftu þeir síðan að hlaupa úr miðju viðtali ef kallað var eftir aðstoð vegna keisaraskurðar eða álíka.“

Hann hafði þá samband við landlækni, sem á móti spurði hvað Arnar vildi gera. „Ég sagði að það væri hægt að bjóða þeim upp á aðstöðu á Heilsuverndarstöðinni þar sem ég var að vinna við mæðraskoðun. Þar var enginn eftir klukkan fjögur á daginn og enginn um helgar. Ég talaði síðan við tvo kollega um að vera á bakvakt en þeim fannst heldur mikið álag að vera alltaf á vaktinni. Það endaði því þannig að ég gaf rannsóknarlögreglunni upp símanúmerið mitt og var á bakvakt í tvö ár, eða þar til Neyðarmóttakan var stofnuð. Það voru engin laun fyrir það nema ef mál fóru fyrir dómstóla, þá mátti ég senda reikning.“

Þrjátíu ár eru síðan Neyðarmóttakan var stofnuð og hefur Arnar starfað þar allar götur síðan, er nú sem hluti af læknateymi sem þar skiptir á milli sín vöktum. „Þetta er krefjandi starf og margir hafa gefist upp. Ég veit ekki um neinn karlmann sem hefur enst svona lengi. En ég finn að ef ég get tekið á móti konu við þessar erfiðu aðstæður og kvatt hana þannig að hún sé sátt við mig, þá sé stundum ekki svo slæmt fyrir konur að hitta karlmann sem þær geta treyst, eftir að hafa verið beittar ofbeldi af karlmanni.“

Trans mál sett á dagskrá

Seinna var Arnar með stofu í Austurstræti og bauð þá Kvennaathvarfinu að senda til sín konur. „Ég bauð þeim til að mynda að koma til mín með útigangskonur sem áttu engan pening og Rauði krossinn kom stundum til mín með útigangsstelpur sem þeir pikkuðu upp. Í eitt skiptið komu þeir með unga stúlku til mín, frekar skítuga og óhreina. Ég ræddi lengi við hana, hún hafði flæmst úr skóla og lent í átökum við skólafélaga. Eftir nokkur skipti, þegar ég fann engan botn í öllum kvörtunum hennar, sagði ég að við yrðum

Arnar segir óþörfum fegrunaraðgerðum á kynfærum kvenna hafa farið fækkandi og bendir á að píkur séu alls konar útlits. MYND/VALLI

að tala um það sem væri raunverulega vandamálið. Þá kom í ljós að hún hafði löngun til að verða drengur. Eftir það var „hún“ alltaf „hann“ hjá mér. Ég kom honum síðan á meðferðarheimili og sagði: „Þú ert óhrein og skítug stelpa. Þú verður ekki betri þótt þú verðir óhreinn og skítugur strákur. Þú verður að mennta þig.“ Eftir meðferðina kom hún til baka gjörbreytt og ég hélt áfram að sinna henni.“

Arnar hafði lítillega komið að málefnum trans fólks í Svíþjóð en á Íslandi á þessum tíma gerði heilbrigðiskerfið ekkert fyrir slíka einstaklinga og þeir flúðu gjarnan hreinlega land. „Ég pantaði þá tíma hjá Ólafi Ólafssyni landlækni og sagði farir mínar ekki sléttar, að það væri fyrir neðan allar hellur að íslenskt heilbrigðiskerfi tæki þessa einstaklinga ekki undir sinn vendarvæng.“ Hann spurði hvað ég vildi gera, ég sagðist vilja láta stofna vinnuhóp og það varð úr. Í hópinn valdi ég til að mynda Óttar Guðmundsson geðlækni, sem fór mikið fyrir hópnum og starfar nú í trans teymi Landspítalans. Fyrsti skjólstæðingur okkar var þessi litli einstaklingur sem var í raun hvatinn að stofnun hópsins.“

Arnari er minnisstætt þegar þeir stóðu fyrir ráðstefnu í Norræna húsinu árið 1996 um málefni trans fólks. „Við áttum von á nokkrum, kannski þeim sem voru með okkur í teyminu og nokkrum öðrum, en Norræna húsið gjörsamlega fylltist. Það var varla hægt að komast inn í salinn og fundurinn var afskaplega vel lukkaður. Meðal þeirra sem töluðu voru Anna Kristjánsdóttir, sem allir þekkja nú, og talaði um að vera trans á Íslandi og erlendis, en hún fór í gegnum sína meðferð í Svíþjóð.“

Arnar hélt síðan uppteknum hætti og bauð nú trans fólki að koma á stofuna til sín eftir skrifstofutíma án þess að greiða fyrir. „Ég var í launaðri vinnu til fimm, sex á daginn og tók þessa einstaklinga síðan eftir lokun. Ekki bara af því þá var skrifstofan lokuð heldur líka til að þessir einstaklingar fengju að vera prívat og eins langan tíma og þeir þyrftu,“ segir Arnar.

Óþarfa lýtaaðgerðum fer fækkandi

Fæðingar- og kvensjúkdómalækningar er fag sem er í stöðugri endurnýjun og mikilvægt að bæta stöðugt við sig þekkingu. Á sínum tíma fór Arnar í námskynningu í glasafrjóvgunum í Bourn Hall í Bretlandi en Bretar voru fremstir meðal jafningja á þessu sviði. „Ég gerði þetta ekki af því mig langaði að verða glasafrjóvgunarlæknir heldur af því mig langaði að geta aðstoðað fólk.“

> *Tölfræðin bendir til þess að um helmingur af konum um fimmtugt hafi snert af þvagleka.*

Arnar hætti að gera aðgerðir fyrir 15 árum þegar hann tók að sér að vera yfirlæknir mæðraverndarinnar. Hann er þó hafsjór af þekkingu, meðal annars um kvensjúkdóma og fæðingar, og bendir meðal annars á hversu algengur þvagleki sé. „Þvagleki getur komið í gegnum fæðingar og er algengari eftir fæðingar í gegnum leggöng en fæðingar með keisaraskurði. Þetta er háð vefjagerð í líkamanum og því erfðatengt, auk þess eðli og lengd fæðingar, og hversu mikið álag verður á grindarbotninum. Við kvensjúkdómalæknar erum vel meðvitaðir um þetta. Tölfræðin bendir til þess að um helmingur af konum um fimmtugt hafi snert af þvagleka, þó mismikinn. Þetta endurspeglast í því að það er löng bið eftir meðferð við þvagleka og á tímabili var hún á annað ár. Hjá sumum er þvagleki meðfæddur en hann tengist líka aldri.“

Hann hefur líka fylgst með þróuninni þegar kemur að lýtalækningum á kynfærum. „Sem betur fer er farið að draga úr óþarfa aðgerðum. Að sjálfsögu hafa bæði konur og karlar lýti og alveg réttlætanlegt að laga þau þegar þau eru farin að valda óþægindum. Hins vegar erum við öll með einhverjar væntingar til þess að vera öðruvísi en við erum og hverjum einstaklingi finnst hann vera ófullkominn. Maður þarf þá að útlista fyrir fólki hvað er í lagi og hvað er ekki í lagi. Á myndum sem eru ætlaðar til pornógrafískra sýninga eru oft myndir af smástelpum og fólki talið trú um að svona sé allt fólk.“ Hann segist oft vísa fólki á heimasíðu Sigríðar Daggar Arnardóttur kynfræðings, siggadogg.is, sem hefur birt fjölda mynda af margbreytilegum píkum. „Auðvitað geta komið skemmdir eftir fæðingu eða fólk með meðfædda galla. Obbinn af öllum þeim sem koma og halda að það sé eitthvað að þeim eru síðan mjög ánægðar þegar búið er að útlista fyrir þeim hvað er að gerast og af hverju. Það má aldrei gera lítið úr svona kvörtunum en mikilvægt er að vera meðvitaður um ókosti aðgerða á kynfærum og til dæmis geta konur misst tilfinningu á svæðinu eftir slíkt,“ segir Arnar, sem vinnur enn langan vinnudag, þrátt fyrir að vera 73 ára, og á enn nóg af umhyggju eftir handa íslensku kvenþjóðinni.■

JS WATCH CO. REYKJAVK

Sennilega Heimsins Minnsti Úra Framleiðandi

ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

JS Watch co.
REYKJAVIK

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com

GLÆSIBÚSTAÐIR Í ÞINGVALLA-ÞJÓÐGARÐI AÐ LÍÐA UNDIR LOK

Yfirlýst stefna Þingvallanefndar er að fækka bústöðum í einkaeign innan þjóðgarðsins á Þingvöllum. Á síðustu árum voru keyptir níu bústaðir sem stendur til að færa eða farga. Á friðlýstum helgistað allra landsmanna glittir þó enn í glæsihýsi.

Þorbjörg Marinósdóttir
tobba@dv.is

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum varð til þegar svæðið var friðlýst með sérstökum lögum 1928. Hefur svæðið sem telur 228 km² verið skilgreint í lagabálkum sem „friðlýstur helgistaður allra Íslendinga“ og er á heimsminjaskrá UNESCO. Það stingur því í stúf þegar gengið er fram á glæsihýsi innan marka Þjóðgarðsins.

„Það hafa engir bústaðir verið byggðir síðustu 10 ár innan þjóðgarðsins,“ segir Einar Á. E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður. Hann segir Þjóðgarðsnefnd hafa ríka heimild til að skipta sér af framkvæmdum í garðinum svo sem stækkunum eða slíku og séu lóðarleigusamningar einungis gerðir til 10 ára í einu.

Aðspurður um hvort það sé einhver möguleiki á því að stíga inn í kaup og sölu á glæsihýsum sem eru jafnvel metin á tvö hundruð milljónir svarar hann: „Það veltur allt á þeim fjárheimildum og vilja sem er til staðar hjá Þingvallanefnd.“ Öll kauptilboð í eignir á svæðinu fara fyrir Þingvallanefnd sem tekur afstöðu til þeirra.

„Það hefur verið stefnan að nýta forkaupsrétt þegar efni og aðstæður bjóðast. Á síðustu 10 árum hefur verið gengið mjög ákveðið fram í því þegar tækifæri hafa boðist.“ Fyrr á árinu keypti fjármálaráðuneytið húsgrunn á 35 milljónir á svæðinu, en athygli vakti að fljúga þurfti steypunni í húsgrunninn með þyrlu. Húsgrunnur þessi hafði staðið óhreyfður í áraraðir þegar ríkið keypti hann.

Þetta glæsilega sumarhús er í eigu Bjössa og Dísu í World Class. MYND/AÐSEND

Þyrla flytur steypu við byggingu húsgrunns innan Þingvallaþjóðgarðs 2008. MYND/AÐSEND

Kajaksiglingar á Þingvallavatni eru vinsælar. MYND/AÐSEND

Útsýnið úr glæsihúsinu er stórbrotið. MYND/AÐSEND

Farga bústöðum

Lengi hefur verið rætt um erfðarétt á bústöðum á leigulóðum innan þjóðgarðsins að því leyti að falli eigandinn frá erfist rétturinn. „Þegar það eru nafnabreytingar innan fjölskyldu hefur nefndin ekki stigið inn í það.” Hann segir það vera annað mál en ef bústaðir eru til sölu. „Við höfum á síðustu árum verið að reyna að leysa til okkar alla bústaði í Gjábakka. Þeir voru níu en hafa allir verið keyptir. Það stóð til að byrja að fjarlægja þá í ár, en það hefur aðeins frestast vegna fjármagns og aðstæðna. Þeir verða svo fjarlægðir einn af öðrum, nema einn sem verður nýttur á vegum garðsins.” Einar segir óvíst hvort þeim verði fargað eða seldir en ekki sé hlaupið að því að fjarlægja gamla bústaði á svæðinu. Sumir séu illa farnir og jafnvel ekki hægt að komast að þeim nema í miklu frosti og snjó þegar aðstæður eru hagstæðar og ólíklegt þyki að hægt sé að fjarlægja þá alla í heilu lagi. „Það eru meiri líkur en minni að þeim verði fargað. Við höfum fargað einum og selt einn til brottflutnings en það eru einhverjir mjög slappir. Þetta fer líka eftir markaðsaðstæðum. Þetta eru litlir og gamlir bústaðir í Gjábakka.“

Snortin náttúra

„Það er algengur misskilningur að það sé mikill fjöldi bústaða inni á þjóðgarðssvæðinu. Þeir eru rétt yfir 70 sem stendur. Það tilheyra ekki allir bústaðir í kringum Þingvallavatn þjóðgarðinum. Það eru í kringum 1.000 bústaðir í kringum vatnið sem tilheyra ekki þjóðgarðinum,“ segir Einar. Þeir bústaðir sem eru á svæðinu eiga að falla hvað mest að umhverfinu og lítið er sóst eftir stækkunum til nefndarinnar, að sögn Einars.

Í stefnumörkunarskýrslu þjóðgarðsins frá 2019 kemur eftirfarandi fram: „Ljóst er að sumarhúsasvæðin eru snortin og ekki áhugaverð til verndunar í núverandi mynd. Á hinn bóginn skal tryggt að svæðin stingi ekki frekar í stúf en nú er og því ekki leyfðar frekari byggingar á þessum svæðum né þau stækkuð.“

Glæsibústaður Bjössa og Dísu í World Class

Í nóvember árið 2009 greindi DV frá því að Björn Leifsson og eiginkona hans Hafdís Jónsdóttir væru að byggja sumarbústað á besta stað á Þingvöllum í skugga taps sem félag þeiraa, Laugar ehf., varð fyrir árið 2008. Tapið það ár var rúmlega 268 milljónir króna en þrátt fyrir það ákvað Björn, sem sat einn í stjórn félagsins, að greiða sér 6 milljónir í arð.

Sumarbústaðurinn var skráður á Laugar ehf. þegar hann var byggður. Samkvæmt iðnaðarmanni sem DV ræddi við á sínum tíma, var kostnaðurinn við byggingu bústaðarins líklega á milli 100 og 200 milljónir króna. Samkvæmt fréttinni frá 2009 er lóðin sem bústaðurinn stendur á 6 þúsund fermetrar að stærð. Bústaðurinn er á tveimur hæðum, kjallarinn er rúmlega 73 fermetrar, en hæðin fyrir ofan er tæpir 89 fermetrar. Samkvæmt heimildum DV var keypt grafa, sérstaklega fyrir byggingu bústaðarins. Þá var einnig prammi á svæðinu sem var notaður til að ferja byggingarefni yfir vatnið.

Bústaðurinn var kláraður fyrir nokkrum árum og þykir afar glæsilegur.

Samkvæmt heimildarmanni DV er orðrómur um að það hafi þurft þyrlu til að koma með gluggana að svæðinu þar sem erfitt er að komast að húsinu, sérstaklega með svo mikið og stórt gler. Nágranni Björns, Ágúst Guðmundsson, Bakkavararbróðir, flaug steypu í sinn bústað þegar hann var byggður í sömu götu, með þyrlu.

Glæsilegur spíttbátur er á lóðinni sem fjölskyldan og vinir hennar geta notað til að fara út á Þingvallavatn. Bústaðurinn er byggður afar nálægt bakka vatnsins og því þarf ekki að fara langt til að fara í bátsferð. Þá eru líka tveir kajakar á lóðinni sem einnig er hægt að nota til að ferðast um á vatninu fallega.

Margir nafntogaðir einstaklingar hafa átt og eiga bústaði við Þingvallavatn sem er vissulega paradís allra landsmanna. ■

FYRIR ÓNÆMISKERFIÐ

Beta Glucans

IMMUNE SUPPORT+

Beta Glucans Immune Support+ inniheldur öfluga blöndu af vítamínum, jurtum og steinefnum sem styrkja og styðja við ónæmiskerfi líkamans eins og sjá má af neðangreindum

- Sýnt hefur verið fram á að **Beta-Glúkan** lækki kolesteról og viðhaldi eðlilegu kolesterólmagni í blóði. Einnig er það talið vera ónæmisvari sem efli svörun ónæmiskerfisins.
- **C-vítamín** er mest notaða vítamínið gegn flensu og kvefi og stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmis- og taugakerfis líkamans, getur dregið úr þreytu og lúa.
- **D-vítamín** stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins.
- **A-vítamín** stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins, auk þess að stuðla að eðlilegri starfsemi hjartans.
- **Hvítlauku**r er talinn bakteríudrepandi ásamt því að stykja ónæmiskerfið og stuðla að vörnum gegn umgangspestum.
- **Sínk** stuðlar að eðlilegri DNA-nýmyndun og eðlilegum sýru- og basaefnaskiptum sem er mikilvægt jafnvægi fyrir öflugt ónæmiskerfi.
- **Selen** stuðlar að eðlilegri starfsemi ónæmiskerfisins og verndar frumur fyrir oxunarálagi.
- **Elderberry** hefur í aldanna raðir verið notuð til að styrkja ónæmiskerfið, sérstaklega gegn vírusum og er talin góð við hósta og vandamálum í öndunarfærum.

natures aid

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

LÖGREGLU-STJÓRAKAPALL Á SUÐURNESJUM

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum logar í deilum. Starfsmenn skiptast í tvær fylkingar og tala um ógnarstjórn.

Þorbjörg Marinósdóttir
tobba@dv.is

Orðrómur hefur gengið innan embættisins síðan í maí á þessu ári um að Ólafur Helgi væri á „leiðinni út“ og Alda Hrönn yrði næsti lögreglustjóri. Fyrr í sumar var tilkynnt að Ólafur Helgi myndi ljúka störfum í lok ágúst og hefja störf í dómsmálaráðuneytinu og kom það því mörgum að óvörum þegar hann hætti skyndilega síðasta föstudag. DV ræddi við tug heimildarmanna sem starfa hjá lögreglunni og skyldum embættum. Lýstu þó nokkrir starfsmenn lögregluembættisins á Suðurnesjum yfir gífurlegri vanlíðan og töluðu um „eitrað andrúmsloft“ og báru við hræðslu og ógnarstjórn.

Dularfulli skjalaskápurinn

DV hefur fjölda heimilda fyrir því að á skrifstofu mannauðsstjóra lögreglunnar á Suðurnesjum sé skjalaskápur sem hafi að geyma viðkvæm mannauðsgögn sem ekki eru skráð í hið hefðbundna GoPro-kerfi. Þeim gögnum hafi fráfarandi lögreglustjóra ekki tekist að fá aðgang að. Umræða hefur átt sér stað síðustu vikur um ráðningarmál í embættinu og meinta spillingu í þeim málum en gögnin þykja geta varpað ljósi á stöðu þeirra mála. DV greindi frá því fyrir viku að Ólafi Helga hafi verið gert að láta þegar af störfum síðasta föstudag. Heimildarmenn DV sögðu að það væri vegna þess að Ólafur Helgi ætlaði sér að komast inn í skjalaskápinn í gögnin sem hann hefur að geyma, en mannauðsstjóri hafi meinað honum aðgang. Hafði hann fengið þau svör frá lögfróðum að hann, sem lögreglustjóri, ætti að eiga möguleika á að komast í gögnin, ef ástæður mæltu með því. Mun Ólafur þá einnig hafa viljað kanna starfskjör aðstoðarsaksóknara, sem hann taldi rökstuddan grun um að væru óeðlileg. Eins er skýrt kveðið á um í lögreglulögum að undirmönnum lögreglustjóra beri að hlýða yfirboðara sínum.

Barst þá símhringing frá dómsmálaráðuneytinu og var Ólafi tilkynnt að ráðuneytisstjóri væri á leiðinni og hann væri að ljúka störfum þá þegar. Ólafur Helgi staðfesti í samtali við DV að ráðuneytisstjóri, Haukur Guðmundsson, hafi mætt á starfsstöðina, en það þykir furðulegt í ljósi þess að Ólafur sjálfur og ráðuneytið halda því fram að starfslok hans hafi átt sér stað í mesta bróðerni. Hins vegar ber heimildum DV saman um að Ólafur sé í viðkvæmri stöðu og geti því ekki leyft sér að tjá sig í óþökk ráðuneytisins.

DV hafði samband við Grím Hergeirsson, settan lögreglustjóra á Suðurnesjum, og spurði út í skjalaskápinn og hvort lögreglustjóri ætti ekki að hafa aðgang að þeim gögnum sem þar eru geymd. Grímur benti á að forstöðumenn ættu að komast í gögnin ef gætt sé að málefnalegum ástæðum og gert með lögmætum hætti. „Hér hjá embættinu eru upplýsingar er varða starfsmannamál geymdar í málaskrárkerfi þess og í sérstakri hirslu þar sem aðgangsstýring er viðhöfð. Ekkert mælir gegn slíku fyrirkomulagi enda sé öryggi upplýsinganna tryggt í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.“

Matarklúbburinn

Uppreisnin gegn Ólafi Helga er rakin til svonefndra fjórmenninga, eða „matarklúbbsins“ líkt og heimildarmenn og fjölmiðlar hafa vísað til hans. Er síðara viðurnefnið rakið til reglulegra hittinga Öldu Hrannar og félaga hennar sem eru saman í matarklúbbi.

Fjórmenningarnir samanstanda af Öldu Hrönn, mannauðsstjóranum Helga Þ. Kristjánssyni, yfirlögregluþjóninum Bjarneyju Annelsdóttur og fjármálastjóranum Pétri Ó. Jónssyni.

Alda Hrönn

Alda Hrönn hóf störf á Suðurnesjum árið 2017 eftir að hafa tímabundið verið í verkefnum hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Þarna hafði Alda nýlega verið sökuð um brot í starfi og hafði um tíma stöðu sakbornings í svonefndu LÖKE-máli. Einnig kom Alda við sögu í máli lögreglumanns sem var ranglega sakaður um spillingu, mál sem ríkið þurfti í tveimur aðskildum tilvikum að greiða bætur vegna.

Alda vann um árabil náið með Sigríði Björk Guðjónsdóttur, sem í dag er ríkislögreglustjóri. Í júlí greindi Vísir frá því að ótilgreindur fjöldi starfsmanna hafi leitað til dómsmálaráðuneytisins með skriflegar kvartanir undan fyrirhugaðri hallarbyltingu „matarklúbbsins“. Var þar greint frá því að fjórmenningarnir beittu sér fyrir því að upplýsingum væri haldið frá Ólafi Helga og að ætthygli ætti sér stað í ráðningarmálum. Bréfritari tekur fram að Alda Hrönn hafi talað illa um starfsmenn við Ólaf Helga og lýsir bréfritari því að honum líði almennt illa í vinnunni og finni fyrir óöryggi.

Ólga á Suðurnesjum – Óásættanlegar aðstæður eru innan lögreglunnar á Suðurnesjum.
MYND/EYÞÓR

SYSTEMS One
www.one.is · one@one.is
sími: 660 8551 · fax: 588 1057

Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

SYSTEMS OneRecords
Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

SYSTEMS OnePortal
Self-Service

OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

SYSTEMS OneQuality

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT - VELJUM ÍSLENSKT

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.

OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

SYSTEMS One®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

Helgi Þ. Kristjánsson
Helgi var ráðinn inn sem mannauðsstjóri hjá embættinu haustið 2018. Áður hafði hann starfað sem mannauðsstjóri rannsóknarsviðs hjá Landspítalanum, en þar starfaði og starfar enn Bára Hildur Jóhannsdóttir, tvíburasystir Öldu Hrannar. Þegar Helgi tilkynnti um nýju stöðuna á Facebook skrifaði Bára af því tilefni: „Frétti af einni sem var mjög ánægð að fá þig til starfa, og annarri sem mun sakna þín í starfi en óskar þér alls hins besta.“ Þykir þetta lýsa nánum tengslum Helga og Öldu.

Staða yfirlögregluþjóns losnaði við embættið árið 2018. Einn umsækjandi um það starf telur Öldu Hrönn hafa haft óréttmæt áhrif á ráðningarferlið og segir í bréfi sem sent var yfirstjórn embættisins að Helgi sé verulega vilhallur Öldu og fullt erindi sé að taka ráðningarferli hjá embættinu til skoðunar.

Haustið 2019 var staða yfirlögregluþjóns á Keflavíkurflugvelli auglýst. Helgi sá þá um hæfnismat, en það mat hefur nýlega vakið mikla athygli þar sem í því var margra ára háskólamenntun eins umsækjanda metin til jafns við markþjálfunarnám eiginmanns Öldu Hrannar.

Bjarney Annelsdóttir
Sú sem fékk stöðu yfirlögregluþjóns í kjölfar auglýsingarinnar árið 2018 var Bjarney Annelsdóttir. Ber heimildum DV saman um að Bjarney sé ákaflega hæf í starfi. Hins vegar hafi annar umsækjandi um starfið tilgreint fjóra umsagnaraðila og framvísað meðmælabréfi, en engu að síður hafi mannauðsstjóri farið þá leið að fá Öldu Hrönn til að veita umsögn, þó hún hafi ekki verið meðal tilgreindra umsagnaraðila. Umsögn Öldu Hrannar var hörð og í beinni mótsögn við meðmælabréf sem lá fyrir. Ekki hafa fengist skýringar á því hvers vegna Alda var fengin til að veita umsögn en heimildir DV herma að þótt hún hafi vissulega átt samskipti við og hitt umsækjanda þá hafi hún aldrei unnið náið með honum.

Bjarney fékk stöðuna, en hún er góð vinkona Öldu samkvæmt fjölmörgum heimildum DV og þar að auki má sjá það af samfélagsmiðlum þeirra Öldu og Bjarneyjar að eiginmenn þeirra virðast jafnframt vera vinir. Eiginmaður Bjarneyjar vinnur einnig hjá embættinu og í bréfi sem ótilgreindur fjöldi starfsmanna sendi á dómsmálaráðherra sagði að faðir Bjarneyjar hafi nýlega fengið stöðuhækkun og frænka hennar fastráðningu. DV hefur óskað eftir upplýsingum um þá starfsmenn sem ráðnir hafa verið í stöður hjá embættinu undanfarin ár, við bæði Grím lögreglustjóra og embætti ríkislögreglustjóra. Svör höfðu ekki fengist þegar blaðið fór í prentun.

Óli Ásgeir Hermannsson
Óli Ásgeir Hermannsson er aðstoðarsaksóknari við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hann er búsettur í Frakklandi. Þetta fyrirkomulag hefur vakið nokkra athygli, þó svo Óli sé ekki talinn með í áðurnefndum „matarklúbbi“.

Heimildum DV ber saman um að ekkert sé út á störf Óla Ásgeirs að setja, hins vegar hafi honum boðist kjör sem engum öðrum standi til boða. Það er, hann fær að gegna sinni stöðu við embættið þrátt fyrir að búa ekki á landinu og embættið hefur greitt allan ferðakostnað hans til og frá landinu. Mun hann hafa komið til Íslands eina viku í hverjum mánuði áður en COVID-19 faraldurinn skall á. Síðan þá hefur hann alfarið verið í fjarvinnu, eða þar til hann fór í veikindaleyfi á svipuðum tíma og Alda Hrönn og Helgi.

Ekki er talið að samþykki lögreglustjóra hafi fengist fyrir fyrirkomulaginu og hefur verið greint frá því að málið hafi verið tilkynnt ríkisendurskoðanda. Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi staðfesti í samtali við DV að hafa mál í rannsókn sem tengist embættinu.

„Lögreglustjórinn á Suðurnesjum óskaði eftir athugun á ákveðnum þáttum í fjárhagsbókhaldi embættisins fyrir fáum vikum. Gagnaöflun er hafin í málinu en ekki er unnt að segja til um hvenær athuguninni lýkur.“

Ekki liggur fyrir hver skrifaði undir kvittanir vegna ferðakostnaðar en DV hefur sent Fjársýslu ríkisins fyrirspurn vegna málsins.

Meint einelti
Greint var frá því í júlí að tveir starfsmenn lögreglunnar á Suðurnesjum hafi leitað til fagráðs lögreglunnar og kvartað undan einelti á vinnustað sem þeir töldu sig hafa mátt þola frá Öldu Hrönn og Helga. Fagráð skilaði niðurstöðu sinni á mánudag og komst að þeirri niðurstöðu að þó ekki væri um einelti að ræða þá væri ljóst að pottur væri brotinn innan embættisins og mælt var með utanaðkomandi aðstoð til að leysa úr þeim vanda, þá sérstaklega þeim vanda sem upp væri kominn á lögfræðisviði – sviðinu sem Alda Hrönn er yfir.

Fagráð greinir frá því að vinnustaðurinn sé skiptur í fylkingar, sem er í samræmi við fyrri fréttir sem hafa borist af aðstæðum á Suðurnesjum. Hins vegar væri það ekki nóg að Ólafur Helgi væri farinn. Meira þurfi að koma til svo hægt sé að leysa úr óásættanlegum aðstæðum á vinnustaðnum.

Alda Hrönn og Helgi fóru í veikindaleyfi tveimur dögum eftir að kvartað var til fagráðs og tilkynntu lögreglustjóra það ekki. Hann komst að því þegar hann fékk sjálfvirk svör frá netföngum þeirra.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Alda Hrönn hefur verið sökuð um einelti og hefur fagráði í að minnsta kosti einu öðru tilviki borist kvörtun vegna hennar. Var það í tilfelli aðila sem var sagt upp störfum að ósekju, en ríkislögmaður hefur viðurkennt bótaskyldu ríkisins í því tilviki. Umræddur aðili var á þeim tíma sem honum var sagt upp störfum að sækja um sama starf og eiginmaður Öldu, Gestur K. Pálmason.

Hvað gerir Gestur – Ekki virðast margir vita hvað Gestur gerir hjá lögreglunni.
MYND/GVA

Sögð leiða hallarbyltingu – Alda fer fyrir fjórmenningum sem eru sagðir hafa lagt undir sig embættið.
MYND/PJETUR

Gestur K. Pálmason
Gestur er lögreglumaður hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Þeir heimildarmenn sem DV ræddi við gátu ekki svarað til um hvaða hlutverki hann gegnir innan embættisins. Virðist hann mæta á vinnustöð eftir hentisemi, alls ekki daglega, og virðist leynd hvíla yfir því hvaða verkefnum hann á að vera að sinna. DV hafði samband við Grím Hergeirsson, settan lögreglustjóra, sem gat upplýst að Gestur sé skipaður lögreglumaður við embættið og starf hans heyri undir flugstöðvardeild.

Hins vegar vildi Grímur að öðru leyti ekki tjá sig um stöðu Gests, þar á meðal hvort Gestur hafi fengið leyfi fyrir aukastarfi sínu við markþjálfun.

Gestur er markþjálfi og heldur úti íslenskum armi breska ráðgjafarfyrirtækisins Complete Coherence undir nafninu Samstilla. Samstilla býður upp á teymisþjálfun, stjórnendaþjálfun og greiningar. Hann er líka í stjórn faghóps um leiðtogafærni, hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða um markþjálfun og notar gjarnan feril sinn í löggæslu til að auglýsa starfsemi sína. Í lögreglulögum segir:

„Áður en lögreglumaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar, ber honum að skýra lögreglustjóra frá því. Innan tveggja vikna skal lögreglumanni skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum.“

Í reglugerð um aukastörf lögreglu segir jafnframt að enginn vafi megi vera uppi um hvort lögreglumaður sé að sinna aðalstarfi sínu eða aukastarfi hverju sinni.

Vill ekki tjá sig
DV hafði samband við dómsmálaráðherra vegna málsins. Dómsmálaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, vildi lítið tjá sig og sagði málið í höndum setts lögreglustjóra.

„Líkt og áður hefur komið fram opinberlega hafa málefni embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum verið til skoðunar í dómsmálaráðuneytinu að undanförnu. Í gangi hefur verið vinna með utanaðkomandi ráðgjöfum til að greina stöðu mála. Ólafur Helgi Kjartansson hefur tekið við stöðu sérfræðings í ráðuneytinu. Settur lögreglustjóri, Grímur Hergeirsson, og settur aðstoðarlögreglustjóri, Margrét Kristín Pálsdóttir, hafa fengið það hlutverk að stýra embættinu næstu mánuði en jafnframt hefur verið auglýst eftir nýjum lögreglustjóra sem ráðgert er að verði skipaður frá 1. nóvember nk. Hlutverk þeirra Gríms og Margrétar Kristínar lýtur öðru fremur að því að tryggja að starfsemi lögreglunnar á Suðurnesjum geti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Þeim er einnig ætlað að kanna og koma með tillögur til ráðuneytisins varðandi þann samskiptavanda sem verið hefur innan æðstu stjórnar embættisins undanfarna mánuði.

Ég tel hvorki rétt né tímabært að tjá mig frekar um viðkvæm starfsmannamál. Nýir stjórnendur hafa komið til starfa og ég treysti þeim vel til að fara í saumana á og vinna úr þeim málum sem lúta að embættinu.“

DV hafði einnig samband við Öldu Hrönn og Ólaf Helga en hvorugt vildi tjá sig að svo stöddu. ■

Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

• Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



• Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni

• Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli

• Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080

Led húsnúmerinn er einnig hægt að skoða og versla hjá Skómeistaranum í Smáralind

FURÐULEGUSTU ÍSLENSKU DÓMSMÁLIN

Húsdraugur, milljóna arfur í garð katta og ósáttir klámframleiðendur eru á meðal þess sem komið hefur til kasta dómstóla hér á landi undanfarin ár.

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Það getur allt gerst í réttarsal og flestir hafa einhvern tímann horft á bandaríska réttardramaþætti og kvikmyndir, sem oftar en ekki fjalla um stórfurðuleg málaferli og fáránlegar ákærur. Ísland fer ekki varhluta af því eins og sjá má á þessari samantekt þar sem kennir ýmissa undarlegra grasa.

Töldu almannahagsmunum ógnað vegna heimiliskattar

Sjaldgæft er að deilur um eignarhald á gæludýrum rati í íslenska réttarsali en í maí 2012 var eitt slíkt mál flutt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Maður og kona voru að slíta sambúð og vildu bæði fá að halda ketti sem þau höfðu átt saman. Maðurinn lagði fram beiðni til héraðsdóms til að fá dómsúrskurð í því skyni að fá köttinn tekinn úr höndum konunnar, en beiðninni var hafnað á þeirri forsendu að honum hefði ekki tekist að sanna með nægjanlegum hætti eignarhald sitt á kettinum. Samkvæmt framburði mannsins fyrir dómi gaf konan honum köttinn í jólagjöf árið 2010. Konan hélt því hins vegar fram að hún hefði fengið köttinn sem kettling að gjöf frá nafngreindum manni og þá lofað þeim manni að láta köttinn aldrei frá sér.

Í kjölfar þess að beiðni mannsins var hafnað í héraðsdómi tók hann upp á því að fara heim til fyrrum sambýliskonu sinnar, á meðan hún var í burtu, í því skyni að sækja köttinn. Fékk hann aðstoð iðnaðarmanna sem voru að vinna við húsið til þess að láta lyfta sér upp með vinnulyftu að svölum hússins, þar sem hann stóð og kallaði á köttinn. Hann fjarlægði köttinn síðan af heimilinu.

Konan kærði manninn umsvifalaust fyrir húsbrot og þjófnað og í skýrslutöku hjá lögreglu viðurkenndi maðurinn að hafa farið heim til hennar og haft köttinn á brott með sér. Sagðist hann einfaldlega „hafa farið og náð í köttinn.“

Í kjölfarið lagði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fram beiðni til héraðsdóms um húsleitarheimild hjá manninum. Í beiðni lögreglu kom fram að „rökstuddur grunur væri fyrir því að maðurinn hefði með ólögmætum hætti tekið köttinn og væri með með hann í sinni vörslu.“ Því væri nauðsynlegt að gera húsleit hjá honum, í því skyni að leggja hald á köttinn og koma honum í hendur konunnar á ný. Vísaði lögregla til þess að „rökstuddur grunur léki á því að framið hefði verið brot sem sætt gæti ákæru og að maðurinn hefði verið þar að verki, enda væru augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi.“

Héraðsdómur hafnaði þó húsleitarbeiðninni á þeim forsendum að óljóst var hvaða tilteknu rannsóknarhagsmunir væri í húfi í þessu tilviki. Eins og atvikum málsins væri háttað leiddu almannahagsmunir ekki til þess að húsleitarkrafa næði fram að ganga.

Konan áfrýjaði málinu í kjölfarið til Hæstaréttar sem komst að sömu niðurstöðu.

Draugur kom við sögu í sakamáli

Árið 2012 hlaut eigandi söluturnsins Draumsins við Rauðarárstíg eins árs fangelsi fyrir brot gegn lyfjalögum og peningaþvætti, en hann var meðal annars sakfelldur fyrir að hafa selt tveimur konum lyfseðilsskyld lyf í söluturninum.

Fyrir dómi neitaði eigandinn alfarið að hafa selt konunum tveimur lyfin. Hann viðurkenndi þó að hafa leyft einni konu að geyma poka með lyfjum inni í versluninni.

Ástæðan? Konan bað hann um að geyma pokann eftir að hún sá drauga ganga um heima hjá sér.

Fórnarlömbin voru einnig sakborningar

Svokallað Nígeríusvindl er ekki nýtt af nálinni hérlendis og eitt slíkt rataði fyrir dómstóla árið 2006. Nígeríumennirnir Nosa Gibson Ehiorobo og Sunday Osemwengie voru þá dæmdir í 15 mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness eftir að þeim tókst að selja íslenskum feðginum svarta pappírsmiða í peningaseðlastærð og telja þeim trú um að hægt væri að breyta pappírnum í alvöru peninga. Um var að ræða eina milljón „evra“ sem þeir sannfærðu Íslendingana um að kaupa á 100.000 evrur.

Héldu þeir því fram við feðginin að „evrurnar“ þyrfti að geyma í bréfpoka og sprauta í pokann tilteknum vökva sem þeir voru með, þá myndi hvíta duftið fara af evrunum. Tjáðu þeir feðginunum að það tæki efnið átta klukkustundir að hvarfast í burtu, en það var jafn langur tími og þeir sjálfir töldu sig þurfa til að komast úr landi. Þeir voru hins vegar stöðvaðir á Keflavíkurflugvelli áður en þeir náðu að stinga af með ránsfenginn.

Það sem einnig var óvenjulegt við málið var að á tímabili höfðu feðginin einnig stöðu sakborninga við yfirheyrslur, enda höfðu þau tekið við pappírsmiðunum á sínum tíma. Þau voru þó aldrei ákærð fyrir fjársvik en dómarinn í málinu hafði á orði að það væri refsiverð heimska ef fórnarlömbin í málinu þyrftu að dúsa lengi í fangelsi.

Klámfólkið sem mátti ekki koma á Hótel Sögu

Árið 2007 varð uppi fótur og fit þegar það fréttist að að tæplega 150 stærstu netklámsframleiðendur heims ætluðu að halda kaupstefnu í Reykjavík undir yfirskriftinni SnowGathering 2007, en skipuleggjendur ráðstefnunnar voru eigendur hollenskrar klámsíðu. Mótmælaraddir almennings og borgaryfirvalda létu ekki á sér standa og að lokum ákváðu eigendur Hótel Sögu að synja ráðstefnugestum um gistingu á síðustu stundu. Skipuleggjendur neyddust því til að hætta við að halda ráðstefnuna hér á landi enda reyndist ómögulegt að finna nýjan gististað með svo skömmum fyrirvara.

Í samtali við Morgunblaðið á sínum tíma sagði Hrönn Greipsdóttir hótelstjóri að hópurinn hefði verið á 49 herbergjum og vafamál væri hvort hægt hefði verið að taka tillit til annarra gesta á hinum

Kattavinafélag Íslands tengdist óvenjulegu erfðamáli á tíunda áratugnum.

160 herbergjum hótelsins með fyrirsjáanleg mótmæli fyrir utan hótelið, að ekki sé talað um vöktun lögreglunnar.

„Klámfólkið“, eins og það var kallað í fjölmiðlum, fór í kjölfarið í mál við Hótel Sögu og krafðist 10 milljóna í skaðabætur. Krafan byggðist að mestu leyti á flugförum til landsins sem voru keypt fyrir hátt á fimmta tug manna, launagreiðslum og öðrum útgjöldum í aðdraganda ráðstefnunnar. Að lokum var samið um upphæð bóta utan réttar og fengu skipuleggjendur SnowGathering fimm milljónir íslenskra króna í vasann.



MYND/GETTY

Draugagangur kom meðal annars við sögu í sakamáli sem sneri að eiganda söluturns í Reykjavík.

Kettir fengu 13,4 milljónir í arf

Árið 1996 kom upp óvenjulegt dómsmál í tengslum við andlát níræðrar konu á Blönduósi. Konan hafði alla tíð verið mikill kattavinur og í erfðaskrá hennar kom fram að Kattavinafélagið á Akureyri ætti að erfa allar eigur hennar að frádregnum kostnaði við útför hennar og frágang á leiði. Einnig kom fram í erfðaskránni að ef Kattavinafélagið á Akureyri yrði lagt niður þá skyldi Kattavinafélag Reykjavíkur njóta arfsins, sem vera skyldi í minningu systur konunnar og allra katta þeirra systra.

Gallinn var sá að þegar konan lést var Kattavinafélagið á Akureyri ekki til, og Kattavinafélagið í Reykjavík hét lögformlega Kattavinafélag Íslands. Systurdóttir konunnar gerði einnig kröfu í búið og að lokum var henni dæmdur arfurinn, þar sem héraðsdómur Norðurlands vestra taldi að Kattavinafélagi Íslands hefði ekki tekist að sýna fram á með óyggjandi hætti að það væri í raun sami félagsskapur og Kattavinafélag Reykjavíkur.

Framburður sýslumanns fyrir dóminum er nokkuð spaugilegur, en hann lét meðal annars hafa eftir sér að hin látna hefði verið „gömul piparmey og ekki alltaf í góðu skapi“ en hún hefði þó „alveg örugglega vitað hvað hún var að gera með erfðaskránni.“ Sýslumaður sagðist þó hafa bent henni á áhrif gerningsins. „Frá mínu sjónarmiði var það óskynsamlegt að láta kettina hafa það eða Kattavinafélagið og ég benti henni á það. En ég ætlaði ekki að taka fram fyrir hendurnar á henni. Ég vissi hvernig hún var stemmd. Hún elskaði þessi kvikindi og við því var ekkert að segja.“

Kattavinafélag Íslands áfrýjaði úrskurði héraðsdóms til Hæstaréttar sem komst að þeirri niðurstöðu að félagið ætti svo sannarlega rétt á arfinum. Fram kom í niðurstöðu dómsins að með því að tilnefna annað fyrrnefnda félagið aðallega til arfs, en hitt til vara, þá yrði að ætla að hin látna hefði lagt sérstaka áherslu á að eignir hennar gengju að henni látinni til starfsemi kattavina, en ekki til lögerfingja. Konan hafði alla tíð verið talin eignalaus, en við andlát hennar kom í ljós að hún átti innistæðu uppi á rúmlega 13 milljónir króna hjá KEA, kaupfélaginu í bænum.

Fór í mál við 11 ára strák

Árið 2010 lenti hjólreiðamaður í árekstri við ellefu ára gamlan pilt sem var að ganga yfir akbraut í Hafnarfirði. Afleiðingarnar voru þær að hjólreiðamaðurinn féll af hjólinu og slasaðist. Hann stefndi í kjölfarið piltinum fyrir dóm, en þar sem pilturinn var ólögráða þá var móður hans stefnt í staðinn.

Hjólreiðamaðurinn fór fram á viðurkenningu á skaðabótaskyldu auk málskostnaðar. Rök hans voru þau að pilturinn hefði ekki sýnt nægilega aðgát þegar hann hljóp fyrir akbrautina. Maðurinn sagðist hafa hlotið áverka af slysinu sem hefðu valdið tímabundinni 100 prósenta örorku og varanlegri átta prósenta örorku. Í málflutningi lögmanns mannsins kom meðal annars fram að slysið hefði verið afleiðing „saknæmrar og ólögmætrar háttsemi“ piltsins og að pilturinn hefði með „háttsemi sinni og aðgæsluleysi“ sýnt af sér „saknæma og ólögmæta háttsemi og með því meðal annars brotið skráðar reglur sem gildi um umferð fótgangandi vegfarenda við akbrautir.“ Maðurinn sagðist sjálfur hafa sýnt af sér alla þá aðgæslu sem hafi mátt krefjast af honum og því væri ekki um hans eigin sök að ræða.

Málið fór fyrir héraðsdóm Reykjaness árið 2014. Við málsmeðferðina benti lögmaður drengsins meðal annars á að engin fordæmi væru fyrir því að ábyrgð á líkamstjóni væri lögð á gangandi vegfaranda, aðeins 11 ára að aldri, vegna umferðaróhapps. Dómurinn sýknaði að lokum drenginn af kröfum mannsins, meðal annars vegna þess að málsatvik voru óljós og talið var að maðurinn hefði ekki sýnt þá aðgæslu sem honum hafi sjálfum borið þegar hann sá piltinn fram undan sér. Hæstiréttur staðfesti síðar dóm héraðsdóms.

Gerði sér upp flogaköst

Í desember síðastliðnum dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur 21 árs karlmann í þriggja mánaða fangelsi fyrir líkamsárás auk fíkniefna- og vopnalagabrota. Óhætt er að segja að atburðarásin í kringum líkamsárásarmálið hafi verið nokkuð sérstök.

Í dómskýrslunni kemur fram að kvöld eitt í október 2016 hafi lögreglu og sjúkraflutningamönnum borist tilkynning um mann í miðborginni sem væri með skerta meðvitund. Þegar lögreglumenn komu á staðinn var þeim tjáð af sjúkraflutningamönnum að maðurinn, hinn ákærði í málinu, hefði verið að gera sér upp flogakast. Maðurinn hljóp síðan í burtu þegar honum var synjað um akstur með sjúkrabifreið í fylgd með kærustunni sinni.

Við frekara eftirlit urðu lögreglumenn þess áskynja að maðurinn var ítrekað að gera sér upp flogakast í nágrenni við Dómhúsið á Lækjartorgi. Þegar vegfarendur ætluðu að koma til aðstoðar virtist maðurinn síðan svara því með því að ýta og slá frá sér. Lögreglumenn misstu sjónar á manninum en stuttu síðar var tilkynnt um hann í nágrenninu og að það blæddi úr honum.

Þegar lögreglumenn komu á staðinn reyndist maðurinn vera liggjandi á jörðinni að gera sér upp flogakast. Þegar lögreglumenn höfðu afskipti af honum virtist hann koma strax til meðvitundar og sagði þá að allt væri í lagi. Hann var síðan beðinn um að láta af þessari hegðun og yfirgefa staðinn. Stuttu síðar þegar lögreglumenn hugðust fara af svæðinu tjáði vegfarandi þeim að maðurinn væri aftur farinn að veitast að fólki í nágrenninu. Þegar lögreglumenn nálguðust hann fyrir utan Dómhúsið reyndist hann vera að ýta við fólki. Hann var þá handtekinn og færður á lögreglustöð en fram kemur í dómskýrslu að hann hafi verið „sjáanlega ölvaður.“

Fyrir dómi kom maðurinn með þá útskýringu að hann hefði verið að skemmta sér með þáverandi kærustu sinni umrædda nótt í miðborginni og hann hefði verið að gera sér upp flogaveikiköst til að reyna að ná athygli kærustunnar. Sagðist hann hafa verið haldinn athyglissýki. ■

Snargalnir eltihrellar eltu hana á röndum – uns hið rétta kom í ljós

Angela Diaz gerði lögreglu viðvart um að eltihrellar umkringdu hús hennar og segðust ætla að nauðga henni. Ekki leið á löngu þar til fyrrverandi kærasta eiginmanns Angelu var handtekin og var vistuð í fangelsi í þrjá mánuði.

SAKAMÁL

Hjónaband Angelu og Ian Diaz virtist blómstra þar til Angela greindi frá því að eltihrellar sætu um hana. Spjótin beindust fljótt að fyrverandi kærustu Ians sem við rannsókn málsins sagði að Ian hefði dreymt um að hún svæfi hjá öðrum karlmanni.

Jón Þór Stefánsson
jonthor@dv.is

Angela Diaz hafði samband við lögreglu vegna eltihrella sem gerðu henni lífið leitt. MYND/TV2.NO

Angela Connell og Ian Diaz höfðu ekki verið gift lengi þegar Angela, nú kennd við nafnið Diaz, byrjaði að fá óhugnanlegar hótanir í gegnum vefsíðuna Craigslist.

Í janúar árið 2016 kynntust þau Angela Connell og Ian Diaz, aðstoðarfógeti hjá alríkislögreglu Bandaríkjanna. Viku seinna voru þau gift og stuttu seinna sagðist hún vera ólétt. Næst tók við sambúð í blokkaríbúð Ians í borginni Anaheim í Kaliforníu-fylki.

Sjúklegur eltihrellir

Allt virtist vera í blóma þangað til Angela, nú kennd við nafnið Diaz, byrjaði að fá óhugnanlegar hótanir í gegnum vefsíðuna Craigslist. Hún gerði lögreglu viðvart um að eltihrellar umkringdu hús hennar og segðust ætla að nauðga henni, þá fékk hún sendar myndir af ógeðfelldum hlutum eins og líkum af börnum. Lögreglan hélt að einn eltihrellirinn væri búinn að upplýsa marga aðra um heimilisfang Angelu og gönguferðir hennar.

Í júnímánuði sama ár hringdi hún á lögregluna og sagði að ókunnugur maður hefði reynt að nauðga sér. Lögregla kom í kjölfarið að Angelu. Föt hennar voru rifin og hún var með rautt mar á hálsinum. Talið var að Michelle Hadley, fyrrverandi kærasta Ians Diaz, bæri einhverja sök í málinu en þau höfðu verið par á árunum 2013 til 2014.

Málið virtist skothelt

Angela hafði beðið um nálgunarbann af hendi Michelle vegna ógnandi tölvupósta sem virtust koma frá henni. Ekki nóg með það heldur var einn helsti netaðgangurinn sem hrellti Angelu á Craigslist skráður á nafnið „Lilith Hadley“. Notandi þess aðgangs hvatti til þess að Angelu yrði nauðgað. Gert var ráð fyrir að skilaboðin kæmu frá Michelle, en hún var handtekin samdægurs. Lögreglan taldi sig hafa skothelt mál í höndunum.

Michelle eyddi heilum þremur mánuðum í fangelsi, á meðan lögreglan rannsakaði málið. Aðstæðurnar voru ekki góðar í fangelsinu og er því haldið fram að kvenfangar sakaðir um kynlífsglæpi fái ekki góða meðferð.

Nálgunarbann á manneskju sem þú hefur aldrei hitt

Handtakan kom Michelle mikið á óvart. Hún og Ian, fyrrverandi unnusti hennar, höfðu átt í erjum vegna blokkaríbúðarinnar í Anaheim, sem þau deildu er þau voru í sambúð. Það mál hafði meira að segja endað fyrir dómi. Að því undanskildu hafði hún átt í litlu sem engu sambandi við Ian eftir að þau hættu saman. Hadley hefur greint frá því að hún hafi fyrst heyrt af Angelu í pósti er varðaði íbúðarmálið, sem hún hafi talið fullkomlega eðlilegt. Annað skiptið hafi hins vegar verið sérstakt, þá hafi Michelle fengið bréf er varðaði nálgunarbannið sem Angela vildi fá. Michelle vissi ekki hvers vegna Angela vildi nálgunarbann, enda hafði hún aldrei hitt eða séð konuna með eigin augum.

Þá hafði Michelle einnig tekið eftir óvenjulegum atburðum. Hún fékk tölvupósta um netaðganga stofnaða í sínu nafni og tölvupósturinn hennar virtist vera notaður án hennar vitneskju.

Ekki allt sem sýnist

Lögreglan komst að áhugaverðri niðurstöðu við rannsókn málsins. Svo virtist vera að hótanirnar og skilaboðin sem virtust koma frá Michelle Hadley, væru í raun ekki frá henni. Við nánari athugun kom í ljós að skilaboðin og póstarnir höfðu komið frá IP-tölu íbúðar Diaz-hjónanna. Við þessar upplýsingar breyttist málið til muna.

Angela Diaz hlaut fimm ára fangelsisdóm fyrir að ljúga upp á Michelle Hadley, fyrrverandi unnustu eiginmanns síns. Hún á að hafa þóst vera Michelle og sent sjálfri sér hótanir og önnur ógeðfelld skilaboð. Málinu var fyrir dómi lýst sem „nauðgunarfantasíu“. Dómur Angelu varðaði einnig rán og ávísanafölsun. Í dag er hún talin vera sjúklegur lygari, en hún á að hafa logið um fleiri hluti eins og fjölskyldu sína, vinnu og áðurnefnda óléttu, sem ekki var raunveruleg.

Ætlaði að græða á lygum

Þá hafa einnig fundist vísbendingar um að Angela hafi ætlað sér að græða á ótrúlegri sögu sinni. Í Word-skjali sem notað var sem sönnunargagn fyrir dómi, má finna hugmynd Angelu að heimildaþætti sem hún virðist hafa ætlað sér að selja til sjónvarpsstöðvar. Hún hafði gefið þættinum nafnið „Myrkrið að innan: Saga Angelu Diaz“ og/eða „Dætur Guðs: Saga Angelu Diaz“.

Þráði að hún myndi sofa hjá öðrum karlmanni

Michelle Hadley er þó ekki alsátt við niðurstöðu málsins. Hún telur að Ian Diaz eigi stærri þátt í málinu. Það hafi verið hann sem ákvað að koma sök á sig.

Í réttarsal fjallaði Michelle um samband þeirra, sem byggði á miklu valdaójafnvægi. Þá lýsti hún sérstaklega löngun, eða blæti hans, sem gekk út á að hún myndi sofa hjá öðrum karlmanni. Hann hafi ítrekað beðið hana um að gera það, en hún aldrei viljað. Einu sinni á valentínusardegi hafi hún þó „samþykkt“ það. Þá hafi hún sofið hjá ókunnugum manni á meðan Ian tók athæfið upp. Daginn eftir hafi hún séð gríðarlega eftir því og grátbeðið hann um að eyða myndbandinu. Hann hafi neitað því, þar sem þetta hafi verið hennar ákvörðun: „Það miðaði enginn byssu á þig,“ á hann að hafa sagt.

Telur lögregluna hafa verndað hann

Michelle hefur opinberlega velt því upp að staða Ians, sem er aðstoðarfógeti hjá alríkislögreglunni, hafi sett strik í reikning rannsóknarinnar. Angela hlaut dóm fyrir gjörðir sínar, en Ian sitji eftir, alveg ósnertanlegur, þar sem lögreglan verndi hann.

Michelle hefur einnig lýst áhrifunum sem þetta mál hafi haft á sig. Bæði á hún erfitt með að finna vinnu og fara á stefnumót vegna þess að hún er alltaf gúggluð og þá lesi fólk um mál hennar og hafi áhyggjur. Mannorð hennar sé því svert til frambúðar, þrátt fyrir að hún sé fórnarlambið í málinu. ■

Þú kemst lengra &

hraðar náttúrulega

FORMA / G LE SAGE

Fæst í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Voru heimsfræg á Íslandi

Allir Íslendingar muna eftir Rokklingunum sem slógu rækilega í gegn á árunum 1989-1991. Meðlimir Rokklinganna voru eltir á röndum og aðdáendabréfin hrúguðust inn.

TÍMAVÉLIN

Allir Íslendingar muna eftir Rokklingunum sem slógu rækilega í gegn á árunum 1989-1991. Grúppuna skipuðu krakkar sem sungu vinsælar, íslenskar dægurflugur. Meðlimir Rokklinganna voru eltir á röndum, aðdáendabréf streymdu inn og veggspjöld af sveitinni prýddu ófá íslensk barnaherbergi.

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Rokklingarnir voru að breskri fyrirmynd og slógu rækilega í gegn. MYND/SKJÁSKOT

Birgir Gunnlaugsson stofnaði Rokklingana árið 1988. „Ég var þá að reka BG útgáfu og hafði nokkrum árum áður fengið skólafélaga barna minna úr Seljaskóla til að syngja alls kyns lög, svona barnaleikjalög, inn á nokkrar kassettur. Hluti af þessum hóp myndaði síðan þennan kjarna sem síðar varð Rokklingarnir.“

190 krakkar mættu í prufur

Fyrirmyndin að Rokklingunum voru Mini Pops: breskir sjónvarpsþættir þar sem börn sungu þekkt dægurlög. „Þessi hugmynd sló alveg í gegn í Bretlandi á sínum tíma. Mini Pops nafnið gekk auðvitað ekki upp hérna heima en Leopold Pálsson gekk til liðs við okkur og bjó til Rokklinganafnið og lógóið. Við auglýstum áheyrnarprufur í blöðum og á fjórum dögum mættu 190 krakkar.“

Á endanum voru 14 eða 15 krakkar valdir og segir Birgir að ekki hafi verið leitað eftir fullkomnum söngröddum.

„Við vorum að leita að þessum náttúrutalent hjá krökkunum, við vildum að þau myndu syngja eðlilega og væru ekki of þjálfuð. Við vildum að þau myndu syngja lögin með sínu nefi, út frá sínu hjarta og með sinni eigin túlkun. Eftir að plöturnar komu út fengum við gagnrýni á það að söngurinn væri ekki nógu agaður og þess háttar, en stóðum föst á þessu og það virkaði greinilega vel. Börnin fengu algjörlega að gera þetta á sínum forsendum. Það höfðaði til mömmu og pabba og afa og ömmu. Og það höfðaði til annarra krakka líka.“

Fyrsta Rokklingaplatan kom út árið 1989 og þá var einnig stofnaður Rokklingaklúbburinn, aðdáendaklúbbur sveitarinnar. „Þetta var fyrsta alvöru „commercial“ barnaplatan sem gefin var út hér á landi. Þetta var í fyrsta skipti sem sem barnaplata var markaðssett eins og fullorðinsplata.“



Rokklingarnir voru alls staðar: á plötuumslögum, í sjónvarpi, á veggspjöldum og stuttermabolum. MYND/SKJÁSKOT

Ótrúlegar vinsældir

Ári síðar kom önnur platan út auk þess sem Rokklingaskólinn vinsæli var stofnaður. Þar gafst krökkum kostur á að syngja og dansa við Rokklingalögin og nokkrir nemendur voru síðan teknir inn í sveitina. Þá voru fjölmörg tónlistarmyndbönd gefin út í tengslum við lögin og síðar meir kom út sérstök videospóla.

„Þetta voru allt meira og minna mín uppáhaldslög. Nína og Geiri er sennilega skemmtilegasta og krúttlegasta myndbandið og það náði líka mestri spilun,“ segir Birgir, en hann kveðst hugsa til þessa tíma með mikilli hlýju; upptökurnar í stúdíóinu og á myndböndunum og stemningin þar í kring.

„Síðan kaupir Skífan þetta og þeir gáfu út fjórðu plötuna. Sú plata reis aldrei neitt, þeir duttu í þessa faglegu gryfju, fengu kórsöngvara til að syngja eins og börn. Þeir bara náðu ekki konseptinu: Að leyfa börnunum að gera þetta eftir sínu höfði.“

Vinsældir Rokklinganna voru með hreinum ólíkindum. Krakkar um allt land sendu bréf í Rokklingaklúbbinn.

„Krakkarnir komu einu sinni í viku niður í BG útgáfu þar sem þau árituðu bréfin frá aðdáendum sem voru svo send til baka. Um jólin árituðu þau svo plötur, svo voru gerðir Rokklingabolir og plaköt. Við tókum þetta alla leið. Ég held að eigi einhver þrjú þúsund aðdáendabréf frá þessum árum. Þetta er allt í kössum niðri í geymslu hjá mér, ásamt búningunum og hinu og þessu. Þetta endar á Þjóðminjasafninu einhvern daginn!“

Þurfti að skipta um símanúmer

Birgir segist alls ekki hafa átt von á þessum gríðarlegu vinsældum. „En Leopold sagði við mig, þegar við vorum að klára upptökurnar á fyrstu plötunni: „Þú skalt búa þig undir það að þetta mun breyta lífi þínu næstu árin. Þetta verður alveg svakalegur hittari.“ Og það gekk eftir. Þetta var auðvitað alveg nýtt: Að barnaplötur væru gefnar út eins og fullorðinsplötur. Það voru notaðar sömu markaðsherferðir og hjá tónlistarmönnum eins og Bubba. Einn úr hópnum, hann Júlli sem bjó í Grindavík, hann hætti eftir að plata númer tvö kom út. Hann var einn sá vinsælasti í hópnum, mikill sjarmör og með hása og skemmtilega rödd. Hann fékk engan frið fyrir aðdáendum, það var stöðugt ónæði og foreldrar hans þurftu að skipta um símanúmer. Stelpurnar gátu verið ansi agressívar og ófeimnar.“

Birgir hefur lítil afskipti haft af Rokklingakrökkunum í gegnum tíðina og segir það aldrei hafa staðið til að vera með einhvers konar „comeback“.

„Krakkarnir voru yndisleg upp til hópa, þau héldu rosalega vel hópinn og stóðu þétt saman. Hluti af þessum hóp hefur lagt tónlistina fyrir sig. En ég veit að mörg þeirra áttu í vandræðum á unglingsárum, þeim var strítt mikið á þessu. En ég hef aldrei lent í því að einhver segist sjá eftir þessum tíma.

Þeim fannst þetta allt alveg ofboðslega gaman. Við flugum um allt land til að skemmta, leigðum flugvél undir hópinn og þeim fannst rosalega flott að vera flogið um í einkaflugvél.“

Það eru liðin rúmlega fimm ár síðan Birgir rifjaði Rokklingatímabilið síðast upp. „Þá var það sem sagt blaðamaður frá Japan sem hafði samband við mig. Gömlu Rokklingamyndböndin eru til á netinu og þau eiga aðdáendur um allan heim. Lagið um Nínu og Geira er sérstaklega vinsælt.“

Fékk athygli hvert sem hún kom

„Þetta var óraunverulegur tími fyrir 11 ára hnátu,“ segir Diljá Ámundadóttir, en hún var hluti af Rokklingunum á sínum tíma.

„Ég tók þátt í Rokklingasöngkeppni í Húsafelli og lenti í þriðja sæti og var í framhaldi beðin um að koma í prufu fyrir Rokklingana – og komst inn. Ég man eftir löngum dögum í hljóðveri í Hafnarfirði þar sem við sungum hvern slagarann á eftir öðrum og mynduðum svona lagasyrpur. Svo var rosalega gaman að leika í tónlistarmyndböndunum. Eitt var tekið inni á Bíóbarnum sáluga. Þar vorum við börnin í svaka 50´s dressum að panta appelsín á barnum og velja lög í glymskratta. Ég var stúlkan með bláu augun sem einn söngvarinn söng til í laginu „Bláu augun þín“. Þetta lag hefur fylgt mér allar götur síðan.

Ég man eftir að hafa fengið mikla athygli hvert sem ég kom. Var beðin um eiginhandaráritanir og fannst mér mjög smart að láta fólk halla sér fram og fá að nota bakið sem borð til að skrifa á. Svo fengum við aðdáendabréf líka. En við fengum samt bara að skoða þau í möppu hjá stjórnandanum þegar við fengum platínuplötur afhentar. Mér hefur alltaf þótt það svolítið leiðinlegt – að hafa ekki fengið afrit af þessum bréfum til að eiga í minningakassanum. Svo fengum við heldur engin laun. En það er nú önnur umræða.“■

20 ÁRA EINHLEYPUR Í SÓTTKVÍ – *dagbók*

Jón Þór Stefánsson
jonthor@dv.is

Jón Þór Stefánsson blaðamaður DV lenti í 12 daga sóttkví ásamt mestallri ritstjórn blaðsins. Jón býr hjá foreldrum sínum og skrifaði dagbók þar sem hann lýsir upplifun sinni á sóttkví.

Fimmtudagurinn 6. ágúst.
Kæra dagbók. Áðan í vinnunni var mér tilkynnt að ég væri kominn í sóttkví.

Kollegi minn sem mætt hafði í vinnuna síðasta þriðjudag var smitaður. Ég dreif mig heim, hringdi í vini og vandamenn og upplýsti þá um stöðuna. Ég bý ásamt foreldrum mínum, en sem betur fer voru þau í útilegu. Því gat ég undirbúið næstu daga. Ég fékk vin minn til að fara út í búð fyrir mig og skilja innkaupapokann eftir fyrir framan útidyrahurðina. Svo installaði ég FIFA í Playstation-tölvuna mína.

Föstudagurinn 7. ágúst.
Kæra dagbók. Í morgun vaknaði ég við það að síminn hringdi. Foreldrar mínir voru á leiðinni heim. Því þurfti ég að taka til, setja í uppþvottavél og spreyja og spritta alla mögulega snertifleti áður en þau myndu mæta. Nú eru þau komin heim og settu ábyggilega met í kaupum á sóttvarnavörum, en í lok dags voru komnir spreybrúsar og blauttuskur í alla króka og kima hússins.

Eitt stórt vandamál blasir við, en það er salernisaðstaðan. Á heimilinu er einungis eitt klósett sem við þrjú deilum. Eftir hverja notkun þarf því að þrífa það gaumgæfilega, en það er heldur þreytandi.

Sunnudagurinn 11. ágúst
Kæra dagbók. Ég er farinn að finna fyrir smávægilegum einkennum, bæði hósta og kvefi. Mér líst ekkert á blikuna. Nú verð ég sko virkilega rúmfastur og hef FIFA spilun af mikilli alvöru.

Mánudagurinn 10. ágúst
Í dag fékk ég tíma í skimun. Ég dreif mig upp í heilsugæslu og beið í bílnum í dágóða stund í villtum vindi og roki. Ég þorkenndi aumingja heilbrigðisstarfsmönnunum sem þurftu að fara út í þessu leiðinlega veðri og taka sýni. Ég sá þau missa sýnatökupinna og þurfa að hlaupa á eftir honum, eflaust leiðinlegur vinnudagur. Þau fengu þó ekki alla mína vorkunn, en ég sparaði smá fyrir sjálfan mig. Það er nefnilega alveg ógeðslega óþægilegt að fá pinna langt upp í nef og kok. Nú er ég í algjörri einangrun þangað til að ég fæ svar úr prófinu.

Móðir Jóns hafði fullkomna stjórn á því hvað hann borðaði í sóttkví. MYND/SIGTRYGGUR ARI

> *Sem stendur er mesta uppbrot dagsins þegar mamma bankar og setur kvöldmatinn fyrir framan hurðina. Frelsissvipting er fitandi.*

Þriðjudagurinn 11. ágúst
Kæra dagbók. Í dag fékk ég góðar fréttir. Ég er ekki með COVID-19. Ekki nóg með það, heldur er Arsenal einungis nokkrum stigum frá því að vinna Englandsmeistaratitilinn, eftir langt hlé. Því miður á það ekki við um raunheima, en titillinn mun ábyggilega detta í hús seinna í kvöld.

Sem stendur er mesta uppbrot dagsins þegar mamma bankar og setur kvöldmatinn fyrir framan hurðina. Frelsissvipting er fitandi.

Fimmtudagurinn 13. ágúst
Kæra dagbók. Þetta er að verða frekar þreytandi. Ég kann vissulega að meta að fá tilbúna máltíð frá besta kokki í heimi (mömmu) tvisvar, jafnvel þrisvar á dag. Og það er alls ekkert sjálfgefið að hafa sjónvarp og leikjatölvu.

Málið er bara að það er virkilega þreytandi að vera alltaf fastur inni í þessu sama herbergi. Dagarnir verða svo einhæfir. Þó að ég heyri reglulega í vinum mínum í gegnum FaceTime, þá verð ég sífellt hræddari og hræddari við það. Ég óttast að ég verði algjörlega óhæfur í mannlegum samskiptum þegar þetta verði búið. Óttast að allir brandarar mínir verði stór vindhögg. Að skyndilega verði ég bara óþægilegur og óviðeigandi.

Föstudagurinn 14. ágúst
Kæra dagbók. Ég er kominn með nóg af FIFA og öllum hinum tölvuleikjunum. Ég er líka hættur að hlusta á podköst. Núna er ég einungis tilbúinn að horfa á kvikmyndir. Áðan horfði ég til dæmis á Apocalypse Now, ég hafði séð hana áður og fannst hún góð, en í þetta skipti tengdi ég við hana. Mér fannst ég hreinlega skilja hana of vel og horfði því á heimildamynd um gerð Apocalypse Now. Sú mynd, Hearts of Darkness: A Filmmaker's Apocalypse, var líka þrusugóð. Til að fullkomna þetta horfði ég svo á YouTube-myndband um heimildamyndina. Ég sofnaði reyndar þegar það var í gangi. 24 klst. er langur tími.

Laugardagurinn 15. ágúst eða sunnudagurinn 16. ágúst.
Nú veit ég ekkert hvað snýr upp og hvað snýr niður. Tími og rúm eru afstæðari en áður. Klukkan er kortér yfir sjö, ég veit ekki á hvaða degi eða hvorum megin sólarhringsins. Ég er kominn með nóg. ÉG VIL HÆTTA Í SÓTTKVÍ.

Þriðjudagurinn 18. ágúst
Líkt og flest börn þá hélt ég mikið upp á jólin. Fátt líkist tilfinningu barnsins sem hlakkar til jólanna. Þessi tilfinning hefur orðið að umræðuefni í mörgum kvikmyndum og dægurlögum. Það var einmitt tilfinningin sem ég finn fyrir í dag, því á morgun kemst ég loksins út! Ég held ég fari til vinnu í sparijakka. ■

GÓÐ ÞJÓNUS

ER RAFGEYMIRINN DAUÐUR?

NOCO
GENIUS BOOST+
GB40 STARTTÆKI

INTERFLON

ÚRVAL AF EFNAVÖRUM,
NÝJAR UMBÚÐIR SÖMU GÆÐA EFNIN

KÍKTU Á KEMI.IS OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

STA Í 25 ÁR

ÖRYGGISVÖRUR

Heyrnahlífar, öryggisgleraugu, rykgrímur og andlitshlífar

SVO ALLT GANGI SMURT

OLÍUVÖRUR

Smurolía, glussi, koparfeiti, gírolía og sjálfskiptivökvi

kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Una í eldhúsinu

FJÖLBREYTT, FLJÓTLEGT OG HOLLT NESTI Í SKÓLANN

Hérna koma hugmyndir að fjölbreyttu og hollu nesti, en sniðugt er að virkja krakkana og láta þau undirbúa nesti sjálf kvöldið áður. Litríkt og fallegt.

Nú þegar skólarnir eru að byrja ákvað ég að setjast niður og leita hugmynda að góðu, hollu og fjölbreyttu nesti fyrir dætur mínar. Ég var allt of oft að gera nesti á síðustu stundu síðasta vetur, finna til bara eitthvað sem var til sem er svo sem í lagi suma daga en það er auðveldara og skemmtilegra að undirbúa nestið með fyrirvara og spyrja krakkana hvað þeim þyki sniðugt að taka með sem hollt nesti.

Nestisboxin sem ég fann í Nettó frá Sistema merkinu eru fjölbreytt og skemmtileg, mismunandi stærðir og gerðir og svo eru alls konar týpur. Til dæmis fyrir jógúrt, og ávexti, ídýfu eða hummus. ásamt grænmeti.

Í stað þess að nota heimilisbrauð er sniðugt og góð tilbreyting að kaupa eitthvað annað brauð, hér á myndinni má sjá að ég notaði Jöklabrauð og Hafrabrauð, set sitthvora sneiðina og mynda samloku með smjöri, kalkúnaskinku og osti og sker svo niður í litla bita, en það eitt og sér að skera niður í litla bita getur slegið í gegn hjá yngri krökkunum.



Mini maískex, skemmtileg hugmynd, bæði hægt að dýfa í hummus eða smyrja með smjöri og osti.

Annað gott ráð til þess að breyta út frá samlokubrauðinu er það að smyrja góðri dressingu á tortillakökur, ég set gjarnan hvítlaukssósu, legg svo skinkusneiðar, ostsneiðar og þunna gúrkubita og rúlla tortilla pönnukökunum upp og sker svo niður í bita.

Jógúrtbox. Þarna er upplagt að setja gríska jógúrt í aðalboxið og skera svo ávexti niður eða setja hollt morgunkorn í efra lokið sem helst þurrt þar til þú ákveður að blanda öllu saman.

Pinnar með osti, vínberjum, skinkurúllu og epli slá alltaf í gegn. Aðra daga er hægt að gera ávaxtaspjót til dæmis með appelsínu, banana, epli og peru.

Hummus – sem álegg eða ídýfa

Innihald:
1 dós niðursoðnar kjúklingabaunir
2 stór hvítlauksrif
2 msk. tahini
2 msk. sítrónusafi
1 tsk. paprikukrydd
40 ml ólífuolía
Salt og pipar eftir smekk

Aðferð:
1. Byrjið á að hella helmingnum af vatninu af kjúklingabaununum og setja þær í matvinnsluvél ásamt afgangnum af vatninu. Maukið þar til kekkjalaust.
2. Afhýðið hvítlauksrifin, pressið, og setjið þau út í matvinnsluvélina ásamt sítrónusafanum, tahini og paprikukryddinu, maukið í um 30 sekúndur, en styttra ef þið viljið grófari áferð.
3. Bætið ólífuolíunni út í í mjórri bunu og blandið varlega saman, ef hummusinn er of þykkur má bæta smá vatni saman við.
4. Síðast en ekki síst er hummusinn kryddaður til með salti og pipar.
Mjög gott er að setja hummus í box ásamt gulrótum, blómkáli eða niðurskornum gúrkum.

MÁLUM ALLT SEM SKIPTIR MÁLI

ÖLL ALLMENN MÁLNINGARVINNA ÚTI OG INNI

BJÖRGVIN HALLGRÍMSSON
MÁLARAMEISTARI
SÍMI: 844 9188

FÖST VERÐTILBOÐ

MARGRA ÁRA REYNSLA

NÁKVÆMAR VERKLÝSINGAR

RAFRÆN TILBOÐ OG SAMNINGAR

FAGMENNSKA

HJÓL ATVINNULÍFSINS

Hjól atvinnulífsins ehf. – alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

Fegurðardrottningin Birta Abiba fer yfir mataræðið sitt. MYND/ANTON BRINK

Klassískar kókosbollur eru í uppáhaldi hjá Birtu

Fegurðardrottningin og fyrirsætan Birta Abiba Þórhallsdóttir hefur verið grænmetisæta í sjö ár. Hún segist vera sjálfskipaður klaufi í eldhúsinu og eyðir þar litlum tíma, enda var hún næstum búin að kveikja í þegar hún reyndi síðast fyrir sér sem kokkur.

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is

Birta Abiba Þórhallsdóttir var krýnd Miss Universe Iceland árið 2019. Hún keppti í kjölfarið í Miss Universe og lenti í einu af tíu efstu sætunum. Hún hefur síðan þá getið sér gott orð sem fyrirsæta og mun krýna arftaka sinn í október. Við vorum forvitin um hvernig venjulegur dagur er hjá henni og einnig hvað hún borðar.

„Ég veit ekki hvað telst lengur venjulegur dagur. Ég byrja samt alltaf á að drekka vatn áður en ég reyni að temja á mér hárið og horfi á TikTok," segir Birta.

Ekki góður kokkur

Birta hefur verið grænmetisæta í sjö ár. „Svo ég borða ekki rautt kjöt, fisk eða fuglakjöt," segir hún.

Aðspurð hvort hún eyði miklum tíma í eldhúsinu svarar Birta neitandi.

„Ég eyði ekki miklum tíma í eldhúsinu, þar sem sannleikanum samkvæmt er ég bara alls ekki góður kokkur, né aðstoðarkokkur. Ég hef nefnilega þann hæfileika að gera mikið af klaufavillum þegar ég elda og eftir að hafa næstum kveikt í síðast þegar ég hjálpaði, hef ég verið beðin um að sjá aðeins um uppvaskið og setja á borð," segir hún.

Þegar kemur að því að velja uppáhaldsmáltíð vefst svarið ekki fyrir henni.

„Ég veit að sumir munu ekki telja þetta sem máltíð en ég mun allan daginn segja popp," segir hún. ■

Matseðill Birtu

Morgunmatur:
Ég elska að fá mér heitan morgunmat, sérstaklega ef ég er að fara í tökur, svo vanalega fæ ég mér hrærð egg með bitum af camembert-osti.
Millimál:
Eplabitar með sterkum hummus (besti hummusinn er úr Costco).
Hádegismatur:
Ristað brauð með avókadó.
Millimál:
Frosin vínber
Kvöldmatur:
Það er fjölbreytt, en ég elska góðan vegan-hamborgara.

Kókosbollur – auðveldur og skemmtilegur eftirréttur

Hráefni
2 msk. kakó
2 msk. vatn
1 dl sykur
3 dl haframjöl
1 dl kókosmjöl

Aðferð
1) Hrærið öllu vel og vandlega saman í skál.
2) Búið til litlar bollur úr deiginu.
3) Setjið kókosmjöl á disk og veltið bollum upp úr því.
4) Raðið bollunum á lítið fat og kælið inni í ísskáp.

Ískalt rósavín tekur þennan rétt upp á annað og hærra stig. MYND/ÞORBJÖRG MARINÓSDÓTTIR

Ljúffengt lægðarfæði með hvítvíns-primadonnasósu

Nei, nú skaltu klára að lesa þetta blað og skransa svo út í næstu verslun og kaupa í þennan rétt. Fyrsti munnbitinn og lífið mun leika við þig um stund.

Þegar ritstjórn DV lagðist í sóttkví var allt tínt til úr ísskápnum og „comfort food“, eða lægðarfæði, var mun oftar á borðum en ásættanlegt þykir fyrir fólk með útivistarleyfi. En það góða sem kom út úr því – fyrir utan nokkur aukakíló – er þessi stórkostlegi réttur sem er án efa einn besti pastaréttur síðari ára.

Ábending

Ferskt íslenskt grænkál er að finna í flestum matvöruverslunum sem stendur eða í góðum görðum. Það er tilvalið að nýta það í morgunþeytinginn eða þennan rétt.

Besta pastað sem þú munt smakka

Fyrir 3-4 fullorðna

1 pakki ferskt spaghetti eða tagliatelle
150 g grænkál
4 hvítlauksrif
2 msk. smjör
1 dl matreiðslurjómi
½ dl hvítvín
200–300 g risarækja (hrá eða elduð – bæði selt frosið)
Primadonnaostur – væn sneið
ferskt kóríander
salt
chilipipar í kvörn
pipar
sítróna
olía

Setjið 1 dl af olíu, msk. af sítrónusafa, 1 dl af af söxuðu kóríander, ½ tsk. chili úr kvörn og 2 hvítlauksrif, pressuð, í krukku og hristið.
Sigtið rækjurnar og pillið ef þær eru hráar og hellið leginum yfir. Marinerið í að lágmarki klst.
Skolið grænkálið. Saxið gróft. Setjið í olíulög og saltið. Nuddið kálið með leginum og látið liggja í klst. Olían brýtur niður kálið og gerir það mun meyrara og betra.
Steikið rækjurnar upp úr smjöri og merjið eitt hvítlauksrif út á pönnuna. Gætið þess að ofsteikja þær ekki, þá verða þær þurrar og seigar. Séu rækjurnar hráar duga 3-4 mínútur við nokkuð háan hita (þar til þær verða bleikar) því þær halda áfram að eldast í sósunni.

Bætið grænkálinu á pönnuna.
Hellið rjóma, hvítvíni og 2 dl af rifnum primadonna út á pönnuna. Saltið og piprið eftir smekk. Látið malla svo sósa þykkni.
Sjóðið pasta samkvæmt leiðbeiningum. Sigtið og setjið í skál.
Hellið rækjunum í sósunni út á.
Setjið dl af osti yfir, ferskan pipar og saxað kóríander.
Berið fram með góðu salati og köldu rósavíni – eða sódavatni.

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir, hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesanda um fjölskyldulífið í fæðingarorlofi

Sérfræðingur svarar

HVENÆR VERÐUR KYNLÍFIÐ AFTUR Á DAGSKRÁ?

Ég er í fæðingarorlofi og maðurinn minn vinnur endalaust mikið. Við erum alltaf þreytt, hætt að stunda kynlíf, gerum ekkert saman og lífið mitt snýst um að sjóða ýsu og skipta um bleyjur. Verður þetta bara svona?

Ó guð, hvað þetta er allt skiljanlegt, en þú átt alla mína samúð. Hundleiðinlegt tímabil í lífi margra foreldra en það er ekki þar með sagt að þið þurfið að sætta ykkur við þetta.

Flestir foreldrar sem skilja, skilja á fyrsta æviári barns. Ég er ekki að fræða þig um þetta til þess að þú takir hraðlest niður á sýslumann að sækja pappírana, heldur til að benda þér á að þetta er tímabil sem reynir á öll sambönd. Þið eruð á álagspunkti og það þýðir ekki að sambandið sé glatað.

Mér leikur að sjálfsögðu forvitni á að vita hvað barnið þitt er gamalt, hvað þið eigið mörg önnur börn, hvað planið er og hvað er langt síðan þið stunduðuð kynlíf, svo eitthvað sé nefnt. En ég ætla bara að geta í eyðurnar og þú tekur til þín það sem við á.

Þú spyrð hvort þetta verði bara svona og ég vildi að ég gæti svarað þér, en ef þú vilt ekki hafa þetta svona lengur viltu þá ekki bretta upp ermar og breyta til? Lax er t.d. fín tilbreyting frá ýsu og barnið mun að öllum líkindum hætta á bleyju einn daginn. Ef þú vilt gera meiri breytingar þá mæli ég með þessu:

Hefur þú rætt við maka þinn um þessa líðan þína? Hafið þið prófað að laga þetta? Það er alltaf vænlegt að ræða um líðan sína og stundum getur það jafnvel verið nóg. Að þið séuð meðvituð um á hvaða stað þið eruð í lífinu, hvert þið viljið stefna og að þið séuð saman í liði. Stundum þarf fólk að kafa aðeins dýpra. Eru þið bæði að upplifa þetta eins? Er jafn mikill áhugi á að breyta þessu? Hvaða væntingar hafið þið?



Kvöldstund úti á svölum er notaleg. MYND/GETTY

> *Þó svo að álagið sé mikið og þið parið hittist lítið, þá gæti verið gott að taka frá tíma fyrir ykkur.*

Í staðinn fyrir að setja fókusinn á allt það sem er búið að vera leiðinlegt undanfarið, þá gæti verið ráð að spyrja sig hvaða litlu skref getið þið tekið svo næstu misseri verði ögn skemmtilegri? Á skalanum 0-10, hvernig líður þér í sambandinu núna ef 0 er þegar þér hefur liðið verst og 10 er þegar þér hefur liðið best? Segjum að þér líði 5, hvað þarf þá að breytast svo þér líði 6? Spurðu maka þinn að því sama. Þarna getið þið fundið vísbendingar um hvaða litlu skref þið þurfið að taka svo ykkur líði betur. Hvaða markmið getið þið svo sett ykkur til þess að líða 7?

Þó svo að álagið sé mikið og þið parið hittist lítið, þá gæti verið gott að taka frá tíma fyrir ykkur. Þið þurfið ekki að redda pössun eða fara í þyrluflug. Tveir tímar eftir kl. 20.00 á virkum degi er glæsilegt. Bara elda ykkur góðan mat þegar krakkarnir eru sofnaðir, spila skemmtilegt spil, horfa saman á Netflixþátt eða hita te og ræða saman í rólegheitum. Aðra hverja viku stýrir þú hver dagskrá kvöldsins verður, aðra hverja viku stýrir hann. Þessi tími er að sjálfsögðu hugsaður til þess að breyta út af vananum, gera eitthvað skemmtilegt saman og hittast, en hann er fyrst og fremst skuldbinding. Þið eruð að rækta sambandið, hugsa hvort til annars og gefa ykkur tíma.

Samkvæmt fræðunum líða að meðaltali tvö ár frá fæðingu barns þar til kynlífshegðun pars er orðin eins og áður, eða komin á skrið sem þau eru sátt við. Tvö ár?!! Góðan daginn... hugsa margir. En þá minni ég á að það stendur „að meðaltali“, sem merkir að hjá mörgum tekur þetta lengri tíma.

Meðvituð um þessa staðreynd léttir mögulega aðeins á ykkur, þið getið andað léttar og tekið ykkur tíma til að finna út úr kynlífinu. Sumir þurfa að skipuleggja sig betur eftir barneignir, aðrir nýta annan tíma sólarhringsins en áður til þess að stunda kynlíf. En það er nú yfirleitt þannig að báðir aðilar þurfa að vera á staðnum svo kynlíf milli pars geti átt sér stað, svo þið gætuð byrjað á að finna tíma þar sem þið eruð bæði heima og bæði vel upplögð.

Svo eru það umhverfisþættirnir sem geta verið svo flóknir og umfangsmiklir en stundum er auðveldara að breyta þeim en öðru, þar sem tilfinningar spila stærri rullu.

Ég ætti t.d. að vera á prósentum hjá fyrirtækinu Eldum rétt. Ástæðan er sú að mörg pör eru að rífast um praktísk mál eins og hvað á að vera í matinn, hver á að kaupa inn og hver eldar. Þessu er hægt að sleppa með því að kaupa Eldum rétt (tek það fram að þetta er ekki #samstarf). Eru einhver mál sem þið getið einfaldað ykkur á sambærilegan hátt og Eldum rétt? Getið þið aðstoðað hvort annað betur? Getið þið fengið aðstoð frá öðrum? Getið þið forgangsraðað öðruvísi? Þarf þvottakarfan alltaf að vera tóm? Er hægt að fara með þvott í þvottaþjónustu? Nei ég bara spyr... stundum geta svona mál bætt sambönd til muna, gert fólk ánægðara og jafnvel bætt líðan barna og fjölskyldunnar í heild.

Ef ég á að pakka þessu saman: Lífið þarf ekki að vera leiðinlegt og það er hægt að gera litla hluti til þess að einfalda og bæta lífsgæði.

Taktu stöðuna á maka þínum, ræðið um líðan og þarfir hvors annars á þessum tímapunkti og mögulegar aðgerðir í átt að „bata“. Ég hef massa trú á ykkur, einfaldlega vegna þess að ég hef séð annað eins gerast á hinum bestu bæjum. Áfram þið. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: *hjonabandssaela@gmail.com.*

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálfsögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.

Fresta eða framkvæma?

Að fresta er sannarlega valmöguleiki, ef þú vilt óbreytt ástand. Við hjá Dale Carnegie hvetjum þig til að framkvæma. Nú er tími til að huga að eigin færni og viðhorfi. Næstu mánuðir munu verða krefjandi en með þrautseigju, dugnaði og dassi af hugmyndafræði Dale Carnegie geta ný tækifæri opnast.

Námskeiðin okkar eru staðbundin en líka í Live Online útgáfu. Í báðum tilfellum tekur þú virkan þátt og nýtur góðs af heimklassa þjálfurum. Smelltu á dale.is og pantaðu ókeypis einkaráðgjöf.

Staðbundin námskeið:	Hefst:
Áhrifaríkar kynningar	15. okt.
Árangursrík sala	9. okt.
Dale Carnegie kvöldnámskeið	21. Sept.
Dale Carnegie morgunnámskeið	22. okt.
Dale Carnegie 3ja daga	23. okt.
Dale Carnegie á Akureyri	22. sept.
Dale Carnegie para og hjóna	9. okt.
Dale á milli starfa	22. sept.
Leiðtogahæfni	19. okt.
Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur	13. okt.
Þjónustuupplifun	13. okt.

Live Online námskeið:	Hefst:
Árangursrík sala	9. okt.
Dale Carnegie námskeiðið	16. sept.
Dale Carnegie fyrir 20 til 25 ára	8. okt.
Leiðtogafærni	22. sept.
Dale á milli starfa	30. sept

Live Online fjarþjálfun á sér stað í rauntíma. Þú tekur virkan þátt, leysir verkefni og kynnist fólki. Þjálfararnir eru tveir og annar aðstoðar þig við tæknimálin allt námskeiðið. Nánar á dale.is

Tímaritið Training Industry hefur valið Dale Carnegie sem eitt af 20 bestu þjálfunarfyrirtækjum í heimi fjögur ár í röð.

Skráðu þig strax á dale.is

HELGARKROSSGÁTAN

			BLUNDUR	SEIN-FARINN / BINDA	↴		ÁVÖXTUR / RÚST	↴	AUGNA-RÁÐ	EILÍFAN				
		SKORDÝR / ÞRÁR									SKYGGJA			
		↳				ILLVILJI	1							
		STAFUR				SPENDÝR / HÚF-TRYGGING								
		VAFIN / DANS			6			DRAUP / MJÓRÓMA						
	↓	KK NAFN / DÁÐ	↴	FANGA / SAMÞYKKI					MÁLMUR / TVEIR EINS					
DUFL						HLUTA	BÆTUR / GÁLAUS				2	AF-RENNSLI		
NIÐUR-FELLING / FISKUR						SPIL / RASKA					KVAKA / STUNDIR			
↳				HÚRRA / SPÖNN	5				SLEKT / SKORA				ÁVALLT	
Í RÖÐ / DEIGUR			GÚBBA / FISKUR					HREINSA / TÍÐAR						
↳					FLÓTTI / DUGLEG					TAL / ÞREYTA				
		MISTAKAST / TVEIR EINS			3		ÁSÆLAST / STÓRVIRKI							
VANALEGT						SVIKULL / FYRIRBOÐI			7			GALSI		
SEPI						REKA / STINGUR					RÁS / NEYÐA			
SMÁN		KYNSTUR	GÆLUNAFN	KALDUR / SPYR					SÆTI	ÍÞRÓTTA-FÉLAG / VÍBRA			LÓÐ	
↳					LOKA / SKVETTA			UMSTANG / ETJA						
	MÁLI / GRAS						ÞOLGÆÐI / HÍBÝLI							
EKTA / RÍKIS						MÆTA / ÆTÍÐ						AUK		
↳		4				TREKKUR					KLAFI			
ROTNUN				ÞÍÐA					SKYNFÆRI					

SUDOKU

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:

1	2	3	4	5	6	7

		3			6	4		5
			7					9
							1	
		1	4	8		9		7
								4
2	5							3
					4			6
					5		7	
5	7	2			1			

			3				7	
7			5		4			6
						4	1	
9								4
			8	4	5			
1		7	2					8
		2		3	9	6		
		3			7		2	
								9

Lausn síðustu helgarkrossgátu

FORLAGIÐ

Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

Sigurlaug Sigurðardóttir í Kópavogi.

Rétt svar við gátu vikunnar skal senda á krossgata@dv.is ásamt nafni, símanúmeri og heimilisfangi.

Verðlaun fyrir rétt svar er bókin Morðin í Háskólabíó eftir Stellu Blómkvist.

Prestur á líknardeild leitar til Stellu með hinstu játningu sem snýst um nauðgun og hvarf tólf ára stúlku norður á Ströndum tuttugu árum fyrr. Gömul kærasta Stellu verður fyrir dularfullri líkamsárás á Snæfellsnesi og skjólstæðingur ferst í hrikalegri sprengingu á flokksþingi Þjóðfrelsisflokksins í Háskólabíói. Það er því í nógu að snúast fyrir grjótharðan lögmann sem lætur ekkert stöðva sig í að fá réttlætinu framgengt.

Stella Blómkvist hefur haldið svartfuglum, jakkalökkum og glæponum við efnið í meira en tvo áratugi og á dyggan aðdáendahóp. Morðin í Háskólabíó er ellefta bókin um stjörnulögmanninn kjaftfora.

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

5		4	6	1	7			
		3					5	1
7				3				
			2		3	6		5
	4						8	
2		8	5		1			
				5				8
8	9					5		
			4	2	8	7		9

AMERÍSK KROSSGÁTA



LÁRÉTT
1. rusl
6. víðátta
11. slitna
12. afferming
13. flatfótur
14. duglegur
15. gapa
16. rannsaka
17. steintegund
18. klafi
19. áfengi
20. uppskrift
23. málmur
26. í röð
27. tónlist
31. ryskingar
33. fiskimið
34. aðfall
35. bleytukrap
36. feldur
37. drabb
38. froskur
39. steinn

LÓÐRÉTT
1. nýfallinn snjór
2. kind
3. afhending
4. snurfusa
5. endurbæta
6. hlunkur
7. tolla
8. uppnám
9. op
10. út
18. maðk
21. flosna
22. Breti
23. prang
24. mýkja
25. margvíslegir
28. ilmur
29. skorpa
30. nálega
32. gort
33. mest

STAFARUGL

Leynigesturinn í síðasta stafarugli var **JÓLALEYFI**, sem allir nemendur fá og sumir þrá en alla tel ég þó að minnsta kosti hvorki fúlsa við né myndu vilja missa.
Í síðasta stafarugli var það skólabyrjunin þetta haustið en ljóst er orðið að ekki muni takast að halda úti hefðbundnu skólastarfi eins og fólk var farið að vona. Að minnsta kosti núna á upphafsdögum þess er það næstum endurtekið efni frá síðasta vetri. Leikskóla lokað vegna smits sem dæmi og annað í þeim dúr. Margt bendir því til að við munum þurfa að fara inn í þennan vetur nánast með sömu höftum og sett voru á í mars.
En nú er komið alveg nóg af þessu kófi og því er stafarugl dagsins orð úr ýmsum áttum sem ekkert tengjast því, bara samtíningur héðan og þaðan til að gleyma sér í.
Svo, hér er 20 orða orðasúpa, 19 gefin upp eins og venjulega og það tuttugasta, leynigesturinn, er það sem held ég allflesta hlakkar til í vetur og nokkuð víst að muni verða með einhverjum hætti framkvæmt, kóf eða ekki kóf.

æðarvarp	ljúflingslag	blíð	fjársjóður	háaloft
gáfnaljón	dæmafár	fáanlegt	sjarmerandi	góðverk
stemning	vingjarnlegur	ljósop	hjaðna	afbragð
hugarburður	fjaðrakústur	sjaldfundinn	sjöund	?

Í	M	U	U	H	Ú	Y	Ó	Ú	V	F	S	L	J	Í	Y	O	H	D	F	I	H	É	N	L	A	O	K	É	H
Y	J	G	Ý	U	O	Ó	Í	V	G	M	H	O	U	K	Á	F	Ó	L	V	S	Á	B	G	T	Y	F	X	Ú	S
Y	T	D	Í	É	K	Ý	É	L	X	H	U	G	A	R	B	U	R	Đ	U	R	A	E	V	H	Y	Đ	F	F	B
A	G	B	É	P	B	Đ	B	Á	S	É	A	Ú	E	T	O	Ó	B	Ý	Ó	K	L	V	I	A	Ú	F	L	G	E
S	N	Đ	K	T	G	I	B	N	F	M	É	R	É	D	E	V	P	K	M	L	O	L	V	F	É	Đ	N	B	B
H	T	J	B	M	Ó	E	O	X	Æ	Ó	O	H	M	V	Æ	L	Í	K	R	A	F	L	Í	F	Ó	I	I	Y	E
B	T	B	I	G	Ó	I	Ý	P	Đ	Đ	Á	J	G	É	K	M	T	Ý	É	É	T	L	B	V	N	O	J	R	G
G	N	N	V	V	Á	I	Ó	G	A	A	H	X	P	P	H	L	A	Ó	Á	Ú	Đ	O	É	M	P	J	É	X	Ó
É	K	M	T	O	D	S	U	E	R	X	Í	Ý	Đ	H	T	Ý	V	F	Ý	M	O	P	E	Ý	I	M	Á	K	Ý
F	Ó	V	H	V	O	Á	E	R	V	A	F	A	P	Ý	Đ	H	L	V	Á	X	Ú	T	K	L	M	Ý	Ó	P	A
O	L	P	B	S	X	X	Ú	Ú	A	N	Ú	G	I	V	V	B	X	Ú	Á	R	S	Í	J	X	J	B	Ó	E	Đ
B	Ú	M	J	R	Ó	Y	R	I	R	V	R	R	É	F	E	D	Ó	L	K	M	R	A	D	U	Ó	Ó	E	Ý	D
F	O	O	É	I	U	K	S	U	P	Í	Đ	I	H	R	É	A	Đ	Í	F	A	P	M	Ó	Í	M	T	S	S	N
T	L	R	R	A	D	V	É	Ý	K	T	V	Á	X	G	Ý	B	É	P	I	F	Ý	P	Á	M	O	Á	E	O	N
E	L	Y	N	Á	B	J	U	Ú	B	X	X	Ú	M	I	I	O	E	E	T	P	D	D	Í	B	K	O	A	Á	P
B	Y	B	R	V	Ý	S	B	Đ	V	N	Ó	R	Ú	H	Ý	Ú	G	T	O	M	U	F	T	D	P	Ý	Y	Ý	P
B	E	Đ	Đ	F	R	É	S	Ú	Í	M	N	O	S	J	A	L	Y	Y	Á	Đ	V	Ú	U	D	Ú	V	Đ	Ú	Đ
Ú	Y	X	H	S	P	É	E	S	M	Ý	E	J	V	T	S	J	A	R	M	E	R	A	N	D	I	M	I	É	Ý
Ú	B	Í	Í	B	K	F	Ó	O	Á	Ó	G	L	B	R	X	T	A	J	R	Á	A	J	R	Á	F	P	B	H	T
V	U	M	T	P	N	F	P	N	H	U	I	Á	D	Á	D	Đ	F	Ý	F	X	P	Y	V	Y	Ú	T	B	U	Ó
X	M	I	Ý	Í	R	U	D	U	B	D	O	X	Đ	J	Í	H	B	L	X	Á	R	K	G	H	E	D	A	Đ	U
I	M	T	V	J	N	Á	Ý	A	S	X	Ó	X	Ú	L	V	B	R	V	U	Á	A	B	T	A	B	N	N	M	J
R	T	P	O	I	X	Ú	A	Í	D	E	X	T	B	G	S	O	A	É	S	G	A	N	X	F	Đ	T	Ó	R	Í
A	Ú	V	O	E	N	N	Ó	Í	H	R	E	O	I	G	J	Ú	G	F	L	X	E	V	L	Í	A	B	J	O	N
G	H	Y	L	Á	Á	G	U	Đ	Đ	D	Ó	F	D	Ó	K	P	Đ	V	J	D	Y	L	Í	E	K	Đ	Y	X	K
N	J	M	Ó	I	B	Ó	J	V	L	G	L	R	A	Đ	V	L	Ý	K	D	A	F	A	D	É	G	Í	X	E	O
I	Í	D	H	P	P	E	X	A	O	O	K	F	J	V	X	Y	R	Y	Đ	D	Đ	P	Y	A	Y	T	I	I	A
A	U	B	X	J	E	P	T	Í	R	É	X	Í	H	E	R	Ó	M	Đ	D	L	Ó	R	R	P	R	A	K	Đ	N
R	Ó	L	Ý	Đ	A	G	Ú	Ó	T	N	M	Í	A	R	E	S	E	N	M	D	K	G	A	O	É	P	B	É	R
F	I	J	Á	T	G	Đ	Á	A	N	R	L	Y	Í	K	K	O	J	U	V	Đ	S	L	A	K	H	N	Y	Đ	A
A	Á	Ú	Ý	M	Y	F	N	L	S	H	O	E	Y	F	Á	T	N	A	M	H	Đ	Í	Ý	Ý	Ú	P	B	Ú	Y
R	T	F	Đ	T	P	U	Đ	A	I	Á	Ý	Ý	G	S	O	L	M	N	L	F	F	Ó	K	L	É	S	Đ	G	Á
F	V	L	M	U	J	É	S	D	U	T	R	B	Đ	U	D	Ú	Ý	Á	Ý	D	L	S	J	É	X	Y	T	L	Á
O	J	I	O	J	A	O	É	G	T	L	S	N	S	X	R	I	Á	Ú	D	V	F	F	X	Í	Ó	T	B	U	E
E	H	N	R	J	A	Ó	É	K	G	M	P	O	A	J	O	O	M	Ý	R	Á	I	U	V	Y	Ó	P	F	Í	R
P	R	G	Á	G	Á	F	N	A	L	J	Ó	N	P	U	Ö	D	J	Y	U	I	J	D	N	L	V	É	F	M	S
Ó	R	S	D	B	L	P	N	E	U	M	Ý	X	U	B	B	U	A	K	G	X	Ý	V	V	D	B	D	Ý	Y	P
O	Ú	L	Đ	B	S	B	U	I	D	E	V	V	L	Ý	G	F	N	G	P	Đ	Ý	F	H	É	I	B	Y	Ý	Í
Ý	D	A	Á	P	F	F	É	Y	N	Ó	Đ	F	U	Ó	Đ	F	O	D	P	X	F	M	Đ	H	Ó	N	Ó	Ý	F
B	Đ	G	K	A	N	T	D	U	G	É	F	J	Á	R	S	J	Ó	Đ	U	R	Í	Ú	M	P	A	Ú	N	Í	D

FRELSISBARÁTTA BRITNEY BYGGIST Á DULDUM SKILABOÐUM

Britney Spears er 38 ára gömul en undanfarin ár hefur faðir hennar haft lögræði yfir henni. Markmið herferðarinnar #FreeBritney er að hún verði aftur lögráða.

Jón Þór Stefánsson
jonthor@dv.is

Í vikunni var greint frá því að lögræði yfir tónlistarkonunni og poppgoðsögninni Britney Spears myndi haldast óbreytt fram að febrúar á næsta ári. Forræðisdeila hennar hefur verið fyrirferðarmikil í fjölmiðlum vestanhafs, fyrst og fremst vegna #FreeBritney-herferðarinnar (ísl: #Frelsið-Britney) sem hefur verið mjög áberandi.

Árið 2007 varð almenningi ljóst að Britney glímdi við andlega erfiðleika. Mikla athygli vakti þegar hún rakaði hárið af sér og kastaði regnhlíf í papparassa. Þá missti hún einnig forræði yfir börnum sínum til fyrrverandi eiginmanns síns, Kevin Federline. Einnig var hún vistuð á stofnunum vegna geðrænna vandamála.

Aðrir stjórna fjármálum

Ári seinna missti hún svo eigið lögræði til föður síns, Jamie Parnell Spears, og lögmannsins Andrew Wallet, sem þýðir í raun að þeir hafa stjórn á persónulegum ákvörðunum og fjármálum hennar. Þess má geta að auðævi Britney Spears eru metin á um það bil 50 milljónir dollara, eða andvirði tæpra 7 milljarða íslenskra króna, sem þeir hafa haft umsjón með.

Þrátt fyrir þetta var Britney iðin. Ólögráða hefur hún gefið út þrjár plötur, mætt reglulega í sjónvarpssal og haldið tónleikasýningu í Las Vegas.

Stigu til hliðar

Ástandið var nánast óbreytt þangað til í mars árið 2019, þegar Andrew Wallet ákvað að hætta sem lögráðamaður hennar. Og í september sama ár steig pabbi hennar einnig til hliðar sem lögráðamaður, en þó tímabundið vegna „heilsuvandamála“. Jodi Montgomery var skipaður sem nýr umsjónarmaður Britney.

Árið 2009 fór #FreeBritney-herferðin fyrst af stað. Um er að ræða hreyfingu, eða hóp, sem er fyrst og fremst skipuð aðdáendum hennar, sem áhyggjur hafa af lögræðismálinu. Markmið #FreeBritney-herferðarinnar gengur út á að Britney verði aftur lögráða. Forsvarsmenn hreyfingarinnar hafa reynt að koma málinu á borð Hvíta hússins og að þar verði hún aftur gerð lögráða. Nýlega höfðu safnast 125 þúsund undirskriftir fólks sem vill að hún öðlist aftur frelsi. Forsvarsfólk hreyfingarinnar hefur haldið mótmæli og þá „trendar“ „hashtaggið“ #FreeBritney reglulega.

Britney Spears hefur verið dugleg að koma fram þrátt fyrir að vera ólögráða. MYND/GETTY

Britney Spears er goðsögn í lifanda lífi og á að baki smelli á borð við Oops!... I Did It Again og Baby one more time.

Dulin skilaboð í myndböndum

Í fyrra fór herferðin aftur á fullt. Í kjölfarið bað Britney aðdáendur sína, í gegnum Instagram, um að virða einkalíf sitt. Margir töldu þó að hún hefði ekki ákveðið sjálf að koma þeim skilaboðum á framfæri.

Þá hafa myndbönd Britney á Instagram vakið gríðarlega athygli og ýmsir talið að þar væri að finna dulin skilaboð. Þekktasta dæmið var þegar Britney ákvað að klæðast gulum bol í myndbandi á Instagram. Í myndbandinu lagði hún sérstaka áherslu á bolinn. „Ég var svo spennt að fara í uppáhalds gula bolinn minn að ég varð bara að deila því.“ Seinna kom í ljós að aðdáandi hafði sent henni skilaboð um að klæðast gulum bol í næsta myndbandi væri hún í einhverri hættu. Þetta og fleiri álíka atvik blésu samsæriskenningum og #FreeBritney-herferðinni byr undir báða vængi.



Andleg vandamál Britney voru á allra vörum. MYND/GETTY

Vill ekki að faðirinn sé lögráðamaðurinn

Seint í sumar óskaði Britney eftir því að faðir hennar yrði ekki gerður aftur að lögráðamanni hennar. Hún óskaði þó ekki eftir því að verða lögráða, heldur að Jodi Montgomery myndi halda áfram sem umsjónarmaður hennar. Dæma átti í málinu í þessari viku, þann 22. ágúst, en þá var ákveðið að núverandi ástand yrði óbreytt þangað til í febrúar.

Lesa á milli línanna

Britney hefur sjálf lítið getað tjáð sig um málið, en líkt og áður segir hafa áhorfendur lesið á milli línanna. Til að mynda hafa margir í #FreeBritney-herferðinni litið á færslu sem birtist á Instagrammi hennar í síðustu viku sem þökk til hreyfingarinnar, en færslan er svohljóðandi:

„Mér líður eins og að við munum líta aftur til baka á þennan tíma í sóttkví sem risastórt breytingaskeið í lífi okkar. Við vitum ekki hvenær hlutirnir verða eðlilegir aftur, en við höldum áfram að vera jákvæð og lærum fullt af hlutum um okkur sjálf! Ég vil taka fram að ég er mjög þakklát öllum dásamlegu og raunverulegu aðdáendum mínum fyrir að vera svona yndislegir! Ég finn fyrir ást ykkar og ég veit að þið finnið fyrir minni!“ ■

> *Ég finn fyrir ást ykkar og ég veit að þið finnið fyrir minni!*

SPÁÐ Í... stjörnurnar

LESIÐ Í TAROT

Steinþór Hróar Steinþórsson

Innsæið er þinn styrkleiki

Steinþór Hróar Steinþórsson, betur þekktur sem Steindi Jr., varð bráð spákonunnar að þessu sinni. Steindi er ekki bara skemmtikraftur og sjónvarpsmaður heldur er hann líka Bogmaður!



Bogmaðurinn er oftast mjög vinamargur, honum leiðist ekki að tala og er því hrókur alls fagnaðar! Hann er hvatvís, sem kemur honum oft í fyndnar aðstæður og líka þekktur fyrir að vera sérlega fyndinn. Þeir eiga það til að vera óþolinmóðir og með takmarkaða athygli í einu, enda leiðist manni sjaldan með Bogmanninum.

Elskendur

Lykilorð: kærleikur, sátt, sambönd, gildi, val

Úff, það er svo mikil ást í loftinu að ég fer hjá mér. Maðurinn á spilinu er í afar góðu líkamlegu ástandi og þegar manni líður vel með sjálfan sig þá speglast það í sambandi manns líka. Ástin blómstar og mikil frjósemisorka fylgir þessu spili. Ef ekki stefnir í mannlegt afkvæmi, þá eruð þið skötuhjú að fara að vinna saman og skapa einhvers konar ''vinnuafkvæmi''.

Galdramaðurinn

Lykilorð: birtingarmynd, útsjónarsemi, kraftur, innblástur, framkvæmd

Það er létt og leikandi orka sem fylgir þessu spili. Eins og börn ertu með óteljandi, óraunhæfar hugmyndir, en það er svo mikil fegurð í þeim. Stundum verður maður bara að láta vaða á eitthvað sem hljómar fáránlega en manni líður eins og það sé rétt og að það muni ganga upp. Treystu innsæinu.

Tvistur í sverðum

Lykilorð: erfiðar ákvarðanir, velja og hafna, bældar tilfinningar

Þetta spil kemur oft upp hjá manni þegar maður stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum. Að þessu sinni finnst mér eins og gamalt mál verði gert upp, sem tengist sérindum fortíðar. Það verður góð tilfinning að gera þessi mál upp, því mögulega gerðir þú þér ekki grein fyrir því hvað það hafði mikil áhrif á þig, í raun og veru.

Skilaboð frá spákonunni

Leyfðu þér að fara inn í gamlar, erfiðar tilfinningar. Þér mun létta og þú getur í kjölfarið vaxið meira en þig óraði fyrir.

Svona eiga þau saman

Ofurpar á sviðinu

Leikaraparið **Þuríður Blær Jóhannsdóttir** og **Guðmundur Felixson** birtu í vikunni skemmtilegt myndband á Facebook. Þau sungu um COVID og var þetta tilraun þeirra til að fá að semja lokalagið í Áramótaskaupinu. Þuríður Blær og Guðmundur eignuðust einnig sitt fyrsta barn í júní síðastliðnum. DV lék forvitni á að vita hvernig þau eiga saman ef litið er til stjörnumerkjanna.

Þuríður Blær er Steingeit og Guðmundur er Hrútur. Merkin eru afar ólík en það getur verið góður kostur. Stærsti munurinn á þeim er að Hrúturinn vill æða úr einu í annað en steingeitin vill fara rólega í hlutina. Þau læra hvort af öðru. Hrúturinn elskar að byrja á verkefnum og Steingeitin verður alltaf að klára öll verkefni áður en hún byrjar á næsta. Fullkomin blanda!

Það getur verið spenna á milli þeirra og kemur fyrir að þau læsa hornum eins og gerist oft hjá Hrútnum og Steingeitinni, en þau leysa það með því að sýna sitt sanna eðli. Þau eru bæði metnaðarfull, sjálfsörugg og ástríðufull. Ef allt gengur upp þá erum við að tala um svakalegt ofurpar sem aðrir dá og dýrka. ■

MYND/SKJÁSKOT INSTAGRAM

Þuríður Blær
16. janúar 1991
Steingeit
- ábyrg
- ögguð
- skipulögð
- með mikla sjálfsstjórn
- besservisser
- býst við hinu versta

Guðmundur Felixson
6. apríl 1990
Hrútur
- hugrakkur
- ákveðinn
- öruggur
- áhugasamur
- óþolinmóður
- skapstór

STJÖRNUSPÁ

Vikan 28.08. – 04.09.

Hrútur
21.03. – 19.04.

Það er góður tími til að hlaða batteríin þar sem verkefnin verða ófá þegar líða fer á næsta mánuð. Njóttu þessara síðustu daga sumarsins án samviskubits. Vinasambandið styrkist í vikunni með góðu trúnókvöldi.

Naut
20.04. – 20.05.

Eftir ágætis ró er allt að fara af stað á ný. Tækifæri og verkefni laðast að þér. Þú finnur að þú þarft að velja rétt fyrir sálina og mögulega byrja að færa út kvíarnar. Ef þig langar að breyta um starfsgrein þá er tíminn núna, eitt námskeið gæti verið fyrsta skref í rétta átt.

Tvíburar
21.05. – 21.06.

Það eru flutningar í þínum kortum! Pakka í kassa, henda, raða, velja og hafna … hvort sem það er í orðsins fyllstu merkingu eða myndlíking, þá á tiltekt vel við þessa vikuna. Kaflaskipti eiga hér við og þú býður nýjan, spennandi tíma velkominn.

Krabbi
22.06. – 22.07.

Nýtt starf mun krefjast allrar þinnar athygli þessa dagana. Þú finnur skiljanlega fyrir smá óróa í nýju hlutverki. Hugaðu vel að sjálfri/um þér, anda inn og anda út. Þetta mun allt ganga feykivel hjá þér, bara að taka eitt skref í einu.

Ljón
23.07. – 22.08.

Ljónið er smá kvíðið yfir að sumarið sé að líða undir lok og að það hafi ekki gert allt á óskalistanum. Ekki eru allir jafn spenntir fyrir komandi stundatöflum og fastari skorðum. Ekki örvænta, finndu þinn tíma í hversdagsleikanum og haltu lengur í sumarið.

Meyja
23.08. – 22.09.

Meyjan fær smá krefjandi viku, þar sem hún þarf að hugsa í lausnum. Eitthvað sem þú varst búin/n að sjá fyrir þér mun ekki ganga alveg að óskum en þá er það undir þér komið að vinna vel úr þeim aðstæðum. Mögulegt lán í óláni ef þú sérð það í réttu ljósi.

Vog
23.09. – 22.10.

Vertu ljúf við sjálfa þig, elsku Vog, jafnljúf og þú ert við aðra. Óþarfa kröfur til sjálfs/sjálfrar þín leysa engan vanda. Ekki láta skipulags-vetrar- orkuna taka yfir og skemma fyrir.

Sporðdreki
23.10. – 21.11.

Fyndið hvernig eitt samtal leiðir af öðru, saklaus hugmynd mun allt í einu vinda upp á sig og skemmtilegt samstarf fylgja í kjölfarið. Það er gaman að sjá hvað þú ert opin/n fyrir nýjum tækifærum, því það er einmitt þannig að hið óvænta fær að koma í ljós.

Bogmaður
22.11. – 21.12.

Stundum finnst þér eins og enginn skilji það sem þú leggur af mörkum. Í þessari viku munt þú þurfa að eiga erfitt samtal við fjölskyldumeðlim, sem mun þó fara betur en þú þorðir að vona. Smá strembin vika en með því að vera samkvæm/ur sjálfri/um þér, þá færðu að uppskera.

Steingeit
22.12. – 19.01.

Þú þarft að leggja mikið á þig þessa vikuna til að setja þig í spor einhvers annars. Við sem mannfólk sjáum allt frá mismunandi sjónarhornum og stundum erum við jafnvel með sömu hugmyndir og staðla og aðrir, ef við gefum okkur bara smá tíma til þess að hlusta hvert á annað og mætast á miðri leið.

Vatnsberi
20.01. – 18.02.

Fólk virðist sækjast í þig þessa vikuna til að biðja um ráð og aðstoð. Gefðu það sem þú átt og settu mörkin þar sem þú finnur að þú átt að gera það. Það er gott að gefa af sér, en líka mikilvægt að vernda sinn tíma og orku.

Fiskur
19.02. – 20.03.

Ef það er einhver sem er tilbúinn í rútínu á ný þá ert það þú, elskulegi fiskur. Hlutirnir hafa verið aðeins of yfirþyrmandi og þú nýtur þess svo að sjá allt fara að detta í réttan og farsælan farveg á ný. Skál fyrir rútínunni!

HLAÐVARPSÞÆTTIR:

Dr. Football

Í hlaðvarpsþættinum Dr. Football fer þáttastjórnandinn Hjörvar Hafliðason yfir það sem er að gerast í knattspyrnuheiminum. Hann fjallar um boltann bæði hérlendis og erlendis ásamt góðum gestum. Þátturinn hefur notið gríðarlegra vinsælda.



Steve Dagskrá

Félagarnir Vilhjálmur Freyr Hallsson og Andri Geir Gunnarsson ræða knattspyrnuna út frá öðrum vinklum en gengur og gerist. Þó að knattspyrnan sé aðal umræðuefnið eiga þeir það til að fara með umræðuna í þá átt sem á við hverju sinni.

Heimavöllurinn

Í þættinum fjalla þær Mist Rúnarsdóttir og Hulda Mýrdal um kvennaknattspyrnu. Fjallað er um allar kvennadeildir á Íslandi og íslenskar atvinnukonur erlendis. Þátturinn er sá eini á landinu sem fjallar eingöngu um kvennaknattspyrnu.

SJÓNVARPSEFNI:

All or nothing: Tottenham Hotspur

All or nothing: Tottenham Hotspur eru heimildaþættir sem fjalla um nýafstaðið tímabil hjá Tottenham í ensku úrvalsdeildinni. Þættirnir koma út næstkomandi mánudag, þann 31. ágúst. Tottenham er að feta í fótspor Manchester City, Sunderland og Leeds með því að hleypa myndavélum inn í klefa. Margt gekk á hjá Tottenham á tímabilinu eftir gott gengi árið áður. Þættirnir All or nothing voru fyrst gerðir með liðum í ameríska fótboltanum og hafa hlotið mikilla vinsælda.

AFÞREYING FYRIR ÁHUGAFÓLK UM KNATTSPYRNU

Knattspyrnuáhugi er oft mikil ástríða. Að horfa á fótbolta er bara ekki nóg. Fyrir ykkur sem elskið fótbolta er hér spennandi afþreyingarefni.

BÆKUR



Sara Björk – Óstöðvandi

Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, hefur náð mjög góðum árangri á knattspyrnuvellinum og skrifaði nýverið undir samning við eitt besta knattspyrnulið heims, Lyon. Sara gaf út bókina Óstöðvandi árið 2019. Þar segir hún meðal annars frá ferlinu og átökum innan vallar og utan.

Aron – Sagan mín

Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, segir frá ferli sínum sem atvinnumaður í knattspyrnu. Hann leiðir lesandann allt frá sínum fyrstu skrefum á ferlinum yfir í lokakeppni EM og HM. Bókin kom út árið 2018 og hefur notið mikilla vinsælda.





A life to short – The tragedy of Robert Enke

Landsliðsmarkvörður Þjóðverja tók sitt eigið líf árið 2009, 32 ára að aldri. Út á við virtist Robert Enke vera með allt á hreinu. Hann var atvinnumaður í fótbolta sem hafði spilað fyrir nokkur af bestu liðum Evrópu.

Sunderland ´Til I die

Sunderland ´Til I die eru sjónvarpsþættir á Netflix sem fjalla um enska knattspyrnufélagið Sunderland. Komnar eru út tvær þáttaraðir og samtals 14 þættir. Fyrsta serían fjallar um tímabilið 2017-2018 þegar félagið spilaði í annarri efstu deild á Englandi eftir að hafa fallið úr deild þeirra bestu árið áður. Eftir góð viðbrögð við fyrstu þáttaröðinni var ákveðið að gera aðra þáttaröð. Þá var fjallað um tímabilið 2018-2019. Þættirnir hafa hlotið góða gagnrýni frá gagnrýnendum og aðdáendum.

She's the man

She's the man er gamanmynd frá árinu 2006. Unglingsstelpan Viola mætir í heimavistarskóla bróður síns, í hans stað, sem strákur. Hún vill reyna að komast í fótboltaliðið eftir að liðið í skólanum hennar var lagt niður. Að lokum er það rómantíkin sem tekur öll völd á vellinum.

Diego Maradona

Diego Maradona er heimildamynd sem gefin var út árið 2019. Myndin fjallar um argentíska knattspyrnumanninn Diego Maradona. Í myndinni kemur fyrir áður óséð myndefni af Maradona. Í myndinni er fjallað um þann tíma þegar Maradona fór frá Barcelona til Napoli árið 1984. Þar varð hann bæði Ítalíumeistari og Evrópudeildarmeistari.

ALLT FYRIR HÚSFÉLÖGIN
Á EINUM STAÐ

RÆSTINGAR.IS

- SÓTTHREINSUN VINNUSTAÐA
- TUNNUSKIPTI
- GARÐSLÁTTUR
- SÓTTHREINSUN Á TUNNUM
- SAMEIGNARÞRIF
- TEPPAHREINSUN
- GLUGGAÞVOTTUR
- FLUTNINGSÞRIF
- IÐNAÐARÞRIF
- FYRIRTÆKI OG STOFNANIR

DV
28. ágúst 2020 | 34. tbl. | 111. árg
dv.is/frettaskot askrift@dv.is 512 7000

5 690710 111124

SAND KORN

Lítt þekkt ættartengsl

Mikið hefur verið rætt um málefni lögreglunnar á Suðurnesjum undanfarið. Alda Hrönn Jóhannsdóttir er yfirlögfræðingur hjá embættinu en þar starfar einnig eiginmaður hennar, Gestur K. Pálmason, lögreglumaður og markþjálfi. Líklega vita ekki margir að faðir Gests, og þar af leiðandi tengdafaðir Öldu Hrannar, er leikarinn þjóðkunni Pálmi Gestsson. Pálmi er líklega frægastur fyrir hlutverk sitt í vikulegu grínþáttunum Spaugstofunni sem styttu landanum helgarnar á árum áður. Feðgarnir eru báðir Bolvíkingar og stoltir af því, þó svo Gestur búi í dag á Suðurnesjum.

Engin ítök Engeyjarmanna í Flatey

Pítsustaðurinn Flatey opnaði nýverið á Garðatorgi. Illa hefur gengið fyrir eldri kynslóð Garðbæinga að muna nafnið og upphófst sá misskilningur að staðurinn héti Engey. Engeyjarættin er velþekkt ætt og skartar þó nokkrum efnuðum viðskiptajöfrum svo sem Bjarna Ben. fjármálaráðherra. Bjarni Ben. býr einmitt í Garðabæ ásamt fleiri Engeyingum svo sem foreldrum hans og Benedikt Einarssyni frænda Bjarna og eiginmanns Birgittu Haukdal. Gekk misskilningurinn svo langt að nú kallar fjöldi Garðbæinga staðinn Engey og eru menn alsælir með þessa nýju viðbót á Garðatorgi. ■



Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri byggingu frá Húseiningu

Nú er rétti tíminn til að fara í byggingarframkvæmdir og nýta sér endurgreiðslu á virðisaukaskatti eins og kostur er!

Sól sumarhús 66-111m²
Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Efnispakki í milliveggi er innifalin í verði.Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins 117.300 kr. pr/m² m. vsk

Smart einbýlishús 73-87m²
Smart einbýlishús með láréttri álbáru koma bæði fullsamsett og innréttuð frá verksmiðju. Húsin eru framleidd í tvemur stærðum, 73m² og 87,5m² og koma með verönd og heitum potti. Smart einbýlishús eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verktaka og leigufélög.

Verð aðeins 378.000 kr. pr/m² m. vsk

Klassik einbýlishús 100-400m²
Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Efnispakki í milliveggi er innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins 135.800 kr. pr/m² m. vsk

Funk einbýlishús 100-400m²
Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metar, einbýlishús í einingum við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Efnispakki í milliveggi er innifalin í verði.

Verð aðeins 154.600 kr. pr/m² m. vsk

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**

Við framleiðum

- Smáhýsi frá 14,99-39,9m²
- Sumarhús frá 67-111m²
- Einbýlishús frá 161-400m²
- Smart einbýli frá 60m²
- Parhús frá 200-333m²
- Raðhús frá 55-120m²
- Kubbar/Modular 45-90m²

Eins og tveggja hæða tilbúnar íbúðir í verksmiðju.

Gluggar og hurðaprófílar koma frá hinu þekkta þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.

Sökklar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

HANNAÐ OG BYGGT FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI!



Nú höfum við hafið framleiðslu á Kubbahúsum sem raða má saman á fjölbreyttan einfaldan hátt.
Húsin (kubbarnir) eru framleidd inni í verksmiðju, einnar hæðar eða tveggja hæða allt eftir óskum kaupenda.
Húsin (kubbarnir) afgreiðast út úr verksmiðjunni með öllum innréttingum, gólfefnum, rafkerfi/hitakerfi og hreinlætistækjum.
Í boði eru íbúðir Kubbar (modular) frá 45-120m².

HÚSEINING

Ný lög varðandi virðisaukaskatt, nú skal á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna sem unnin er innan þess tímabils á byggingarstað.

Twin Wall

Húseining ehf. Hraunholt 1, 190 Vogar
Söludeild: s. 770-5144 sala@huseining.is
www.huseining.is
Skrifstofan er opin mánud.- föstud.
frá 09:00-17:00

Söluskrifstofa Ármúla 21, 108 Reykjavík
Byggingameistari/Söluráðgjafi:
Sæmundur H. Sæmundsson
s. 898-2817 saemundur@huseining.is
www.huseining.is
Skrifstofan er opin mánud.- föstud. frá 10:00-15:00